



# ÁRSSKÝRSLA 2011-2012

## BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS



## EFNISYFIRLIT

<b>STJÓRN BORÐTENNISAMBANDS ÍSLANDS 2011-2013</b> .....	<b>4</b>
<b>FRÁ FORMANNI.</b> .....	<b>5</b>
<b>VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2010-2011</b> .....	<b>7</b>
Apríl 2011 .....	7
Maí 2011.....	7
Júní 2011 .....	8
Júlí 2011 .....	8
Ágúst 2011.....	9
<b>VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2011-2012</b> .....	<b>9</b>
September 2011 .....	9
Október 2011 .....	10
Nóvember 2011 .....	11
Desember 2011 .....	12
Janúar 2012.....	12
Febrúar 2012 .....	14
Mars 2012.....	15
Apríl 2012 .....	16
Maí 2012.....	17
júní 2012.....	18
Júlí 2012 .....	19
Ágúst 2012.....	19
<b>VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2012-2013.</b> .....	<b>20</b>
September 2012 .....	20
Október 2012 .....	23
Nóvember 2012 .....	24
Desember 2012 .....	25
Janúar 2013.....	26
Febrúar 2013 .....	27
Mars 2013 .....	28
Apríl 2013. ....	32
Maí 2013.....	33
Júní 2013 .....	34
Júlí 2013 .....	35
<b>SAMANTEKT VEGNA KEPPNISTÍMABILSINS 2010-2011</b> .....	<b>38</b>
<b>SAMANTEKT VEGNA KEPPNISTÍMABILSINS 2011-2012</b> .....	<b>38</b>
<b>SAMANTEKT VEGNA KEPPNISTÍMABILSINS 2012-2013</b> .....	<b>40</b>
<b>STARFSSKÝRSLA TIL ÍSÍ VEGNA SMÁÞJÓÐALEIKANNA</b> .....	<b>41</b>
<b>ÁRSREIKNINGAR 2011-2012.</b> .....	<b>48</b>

Ljósmyndir á forsíðu: Finnur Hrafn Jónsson



# STJÓRN BORÐTENNISAMBANDS ÍSLANDS 2011-2013

Sigurður Valur Sverrisson formaður  
Ársæll Aðalsteinsson varaformaður  
Ingimar Ari Jensson gjaldkeri  
Ingimar Ingimarsson ritari  
Daði Freyr Guðmundsson meðstjórnandi

Varamenn  
Bjarni Gunnarson  
Sigurjón Sigurðsson

Starfandi nefndir 2011-2013

Mótanefnd  
Ingimar Ingimarsson  
Finnur Hrafn Jónsson  
Pétur Stephensen

## FRÁ FORMANNI.

Það verður að segja að síðustu 2 ár hafa verið viðburðarrík. Við höfum bryddað upp ýmsum breytingum sem ég tel að hafi heppnast vel, þó megi alltaf gera betur.

Við byrjuðum á því að fjárfesta í fartölvu og keyptum áskrift að nýju mótakerfi, bæði fyrir einstaklinga og lið, frá hollensku fyrirtæki. Það hefur tekið nokkurn tíma að koma þessum forritum í fulla notkun en þegar þau hafa verið nýtt hafa þau reynst vel.

Við höfum fengið erlenda gesti til okkar á tímabilinu. Má þar nefna Peter Nilsson, sem hélt í tvígang æfingabúðir fyrir okkar besta og efnilegasta borðtennisfólk. Svo mætti hingað síðasta haust Emanuel Cristiansson, aðalsérfræðingur Svía í þjálfunarmenntun, en hann hélt hér ITTF námskeið 1 fyrir þjálfara. Þátttaka var góð og hafa nokkrir nýtt sér það til að fá alþjóðlegt þjálfaraskírteini ITTF. Hann hélt einnig æfingabúðir fyrir okkar unga efnilega borðtennisfólk í tilefni af 40 ára afmæli BTÍ. Voru öllum þátttakendum gefnir bolir frá BTÍ.

Breytingar voru gerðar á kvennadeildinni og 2. deild karla, en í stað þess að hafa mótið eina helgi var farið í keppni heima og að heiman. Nauðsynlegt þótti okkur að efla kvennaborðtennis og gera þeim jafn hátt undir höfði og 1. deild karla. Vonuðumst við til að við fengjum aukinn áhuga stúlkna á íþróttinni, jafnframt að reyna þetta fyrir 2. deild karla. Við vonum og teljum að þetta hafi lukkast vel.

Unglingamótaröðin var sett af stað, aldursskipt keppni þar sem bestu unglingarnir komust í lokamót eins og í Grand Prix keppninni. Við vildum með því gefa unglingunum möguleika á að keppa við sína jafnaldra á jafnréttisgrundvelli. Einnig vildum við benda á að 2. flokkur er ekki barnaflokkur heldur styrkleikaflokkur fyrir alla aldurshópa.

Útbreiðslumálin voru með besta móti. Byrjað var á því að styðja stofnun nýrrar deildar í Hafnarfirði, Borðtennisdeild BH. Meðal annars létum við prenta veggspjöld og dreifimiða sem notuð voru til auglýsa deildina. Svo fengum við landsliðsmenn okkar til að fara í skóla og félagsmiðstöðvar til að kynna starfið. Við lögðum til þjálfara en það hlutverk tók ritari okkar, Ingimar, að sér. Hann gerði það myndarlega og lagði grunninn að framhaldinu sem við þekkjum öll. Sex námskeið voru haldin víða um land, undir góðri stjórn Bjarna Bjarnasonar landsliðspjálfa. Bjarni lét útbúa fræðslurit fyrir þjálfara sem tóku þátt í búðunum hjá honum. Farið var í Eyjafjörðinn til Umf. Samherja að Hrafnagili, Umf. Magna á Grenivík og til Æskunnar á Svalbarðseyri. Umf. Hvalfjarðarströnd, Umf. Hekla, Hvolsvöllur og Umf. Staðarsveitar á Snæfellsnesi voru einnig heimsótt. Yfirleitt fóru námskeiðin fram í íþróttahúsum skólanna, en lögð var áhersla á að þau væru í samvinnu við íþróttafélagið á staðnum. Við vonum að við sjáum afrakstur þessara námskeiða á komandi tíð, en við munum fylgja þeim eftir og heimsækja þessi félög aftur.

Landslið okkar hefur tekið þátt í mótum, svo sem HM, EM, Norður-Evrópumótinu og Smáþjóðaleikunum undir leiðsögn Bjarna Þ. Bjarnasonar. Hann stjórnaði liðunum af festu eins og honum er lagið. Unglingalandsliðið mætti eftir margra ára fjarveru á Norður-Evrópumótið og í ár á EM unglunga. Einar Geirsson landsliðspjálfi unglunga sá um liðin í þessum ferðum.

Það má segja að við höfum endað tímabilið með stæl, með því að halda Arctic mótið í borðtennis nú í sumar, þar sem við fengum gesti frá Færeyjum, Grænlandi og Danmörku til

okkar. Okkar ágæta íþróttafólk stóð sig frábærlega. Mótið fór vel fram og voru gestir mjög ánægðir með það. Mótið sýndi okkur að með því að standa saman og vinna sem ein heild þá eru okkur allir vegir færir. Ég er bjartsýnn á komandi tímabil, það skiptir máli að við höfum það ætíð í huga að það skiptir máli hvernig við lítum út út á við. Þá á ég við að skipulag og umgjörð sé með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að vera þátttakandi í okkar starfi.

Reykjavík, 20. ágúst 2013  
Sigurður Valur Sverrisson formaður.



## VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2010-2011

Ný stjórn var kjörin í BTÍ þann 31. mars 2011. Formaður var kjörinn Sigurður Valur Sverrisson, en hann var formaður sambandsins árin 1994-2004. Í stjórn voru jafnframt kjörnir Ársæll Aðalsteinsson, Daði Freyr Guðmundsson, Ingimar Ingimarsson og Ingimar Ari Jensson.


Í varastjórn voru kjörnir Bjarni Gunnarsson og Sigurjón Sigurðsson.

### *Apríl 2011*

Þann 2. apríl fór fram Íslandsmót öldunga. Vann Ragnar Ragnarsson Erninum tvöfaldan sigur á mótinu í flokki 60-69 ára og í tvíliðaleik 50 ára og eldri. Síðustu leikirnir fóru fram í 1. deild karla og féll Akur í 2. deild að þessu sinni.

Þann 3. apríl fór fram lokamót Grand Prix mótaraðar BTÍ. Magnús K Magnússon sigraði í opnum flokki karla Kára Mímisson í úrslitum og Magnea Ólafs sigraði Bergrúnu Lindu Björgvinsdóttur í opnum flokki kvenna.

Enjoy & Deploy Zoetermeer, lið Guðmundar Stephensen í Hollandi komst í úrslit í hollensku úrvalsdeildinni í borðtennis en liðið vann Pay Pro DTK í undanúrslitum. Guðmundur spilaði bæði einliðaleik og tvíliðaleik og vann báða leiki sína.



Úrslitakeppni í 1. deild karla lauk í apríl mánuði en til úrslita léku lið KR A og Víkings A. Fyrsta leikinn vann KR í TBR húsinu 4-3. KR sigraði einnig í leik nr. 2 sem fram fór í KR húsinu 4-1. Var lið KR A því Íslandsmeistari í 1. deild karla 2011.



### *Mái 2011.*

Íslenska karlalandsliðið skipað þeim Guðmundi Stephensen, Kára Mímissyni og Davíð Jónssyni, tók þátt í Heimsmeistaramótinu í borðtennis, sem fór fram í Rotterdam, Hollandi. Bestum árangri á mótinu náði Guðmundur Stephensen, sem sigraði í undanriðli. Hann lék síðan við Kien Quoc frá Víetnam til að komast inn í 128 manna töflu mótsins. Tapaði Guðmundur þeim leik naumlega 4-3. Kári vann annan leik sinn í undanriðli 4-3 gegn El Habech Mohamed frá Líbanon (nr. 670 á heimslistanum). Tapaði hann hinum leiknum 4-0 gegn Rogiers Benjamin frá Belgíu (nr. 256 á heimslistanum). Davíð tapaði leikjum sínum í undanriðli

gegn þeim Noah Essomba Hubert frá Kamerún (nr. 689 á heimslistanum) og Kien Quoc frá Víetnam. Í tvíliðaleik léku þeir Kári og Davíð við Fróða Jensen og Hall Thorsteinsson frá Færeyjum og unnu leikinn 3-1. Léku þeir síðan við þá Timothy Wang og Mark Hazinski frá Bandaríkjunum en töpuðu þeim leik 3-0. Þeir Davíð og Kári léku báðir í B-keppni mótsins. Davíð keppti við Norðmanninn Eric Berner, sem er númer 434 á heimslistanum. Davíð tapaði 0-3 (5-11, 7-11, 4-11). Kári Mímisson mætti Marokkómanninum Ahmeh Zegli, sem er númer 607 á heimslistanum, og tapaði 0-3 (6-11, 6-11, 8-11).

Zoetermeer Enjoy & Deploy, lið Guðmundar Stephensen, varð deildarmeistari í hollensku úrvalsdeildinni í borðtennis. Liðið sigraði Wijzenbeek Westa 4-3. Guðmundur spilaði tvo einliðaleiki, annan við Qiang Liu og hinn við Daan Sliepen, og sigraði örugglega í báðum leikjunum 3-0.

### Júní 2011

Smáþjóðaleikarnir fóru fram á tímabilinu 30. maí til 4. júní. Fyrir hönd Íslands kepptu í borðtennis þeir Magnús K. Magnússon, Kári Mímisson og Magnea Ólafs. Í liðakeppni karla tapaði íslenska liðið gegn Möltu, Kýpur og Svartfjallalandi og komst ekki upp úr undanriðli. Kári Mímisson og Magnús K. Magnússon léku í tvíliðaleik karla. Kári og Magnús léku þrjá leiki í B-riðli og töpuði 0-3 fyrir þörunum frá Kýpur og Lúxemborg og 2-3 fyrir parinu frá Liechtenstein. Í einstaklingskeppninni keppti Magnea Ólafs við Ni Xia Lian frá Lúxemborg og tapaði 0-3. Ni er fyrrum Evrópumeistari í einliðaleik kvenna. Magnea lék líka við Jessicu Pace frá Möltu og tapaði 0-3. Magnús K. Magnússon lék í B-riðli með þremur öðrum keppendum. Hann sigraði Marco Vannucci frá San Marínó 3-1, en tapaði 1-3 fyrir Traian Ciociu frá Lúxemborg og



Andreas Tziambos frá Kýpur. Magnús hafnaði í 3. sæti í riðlinum en tveir efstu leikmennirnir komust upp úr riðlinum. Kári Mímisson lék í D-riðli Hann tapaði 0-3 fyrir Gilles Michely frá Lúxemborg og Irfan Cekic frá Svartfjallalandi og 1-3 fyrir Philipp Pheiffer frá Liechtenstein. Í liðakeppni karla sigraði Kýpur og í liðakeppni kvenna Lúxemborg. Í tvíliðaleik karla sigruðu Gerada og Bajada frá Möltu og í tvíliðaleik kvenna sigruðu þær Ni og Schlink frá Lúxemborg. Ni Xia Lian frá Lúxemborg sigraði í einliðaleik kvenna. Hún er fyrrverandi Evrópumeistari kvenna í einliðaleik og því kom sigur hennar ekki á óvart. Traian Ciociu frá Lúxemborg sigraði í einliðaleik karla.

Zoetermeer Enjoy & Deploy, lið Guðmundar Stephensen, tapaði úrslitaleiknum í hollensku úrvalsdeildinni í borðtennis fyrir liðinu Wijzenbeek Westa, sem vann þar með sinn fyrsta meistaratitil. Leikurinn var æsispennandi og lauk með 4-3 sigri Westa.

### Júlí 2011

Evrópumót unglunga fór fram í Kazan í Rússlandi. Ísland sendi ekki lið á leikana. Frakkar, Þjóðverjar og Rúmenar eignuðust Evrópumeistara í einliðaleik, þar af fengu Frakkar tvo titla. Portúgal og Ísrael fögnuðu fyrstu Evrópumeisturum sínum frá upphafi með sigrum í tvenndarkeppni og tvíliðaleik meyjja í kadettflokki.

Sex íslenskir borðtennisspilurarar héldu til Danmerkur þar sem þeir tóku þátt í æfingabúðum í Hirtshals á Jótlandi. Í æfingabúðunum var fjölþjóðlegur hópur þjálfara, þar á meðal hópur frá Shanghai í Kína. Meðal þjálfara í búðunum var Jan Berner. Þeir sem tóku þátt í búðunum voru þeir Davíð Jónsson, Gunnar Snorri Ragnarsson, Hlöðver Steini Hlöðversson, Kári Mímisson, Skúli Gunnarsson, og Víkingurinn Daníel Bergmann Ásmundsson.



## Ágúst 2011

Í samantekt Ástu Urbancic vegna styrkleikalista kom í ljós að alls tóku 223 leikmenn þátt í mótum á vegum BTÍ á keppnistímabilinu 2010-2011.

## VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2011-2012

### September 2011

Mótaskrá komandi keppnistímabils var sett upp af hálfu mótanefndar. Leit mótaskráin 2011-2012 svona út:

Mán	Dags.	Mót	Staður	Umsjón
<b>sept:</b>				
Laugardagur	24.	Unglingamót KR	KR-hús	KR
<b>Okt</b>				
Laugardagur	1.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
laugardagur	15.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	16.	2. flokks mót	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	22	Stigamót Dímon 2. fl.	Dímon	Dímon
<b>Nóv</b>				
Laugardagur	5.	<b>Grand Prix mót</b>	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	6.	<b>Grand Prix mót</b>	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	12.	Kjartansmót	KR-hús	KR
Sunnudagur	13.	Kjartansmót	KR-hús	KR
Sunnudagur	20.	<b>Grand Prix mót</b>	HK-hús	HK
Laugardagur	26.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	27.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
<b>Des</b>				
Laugardagur	3.	Aldursflokkamót HK	HK-hús	HK
Sunnudagur	4.	Aldursflokkamót HK	HK-hús	HK
Laugardagur	10.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	11.	2. flokks stigamót	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	17.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
<b>Jan</b>				
Laugardagur	14	<b>2. flokkur IFR</b>	ITR Hús	IFR
Laugardagur	21.	Grand Prix mót KR	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	22.	Reykjavíkurlíkar	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	28.	Punkta/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	29.	2 flokkur karla	TBR-hús	Víkingur
<b>Feb</b>				
Laugardagur	11.	<b>Flokkakeppni/2.deild</b>	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	12.	<b>Flokkakeppni/2.deild</b>	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	18.	<b>Grand Prix mót</b>	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	19.	Aldursflokkamót	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	25.	Punkta/Stigamót	HK-hús	HK
<b>Mars</b>				
Laugardagur	3.	<b>Íslandsmót fulloröðinna</b>	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	4.	<b>Íslandsmót fulloröðinna</b>	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	10.	<b>Íslandsmót unglínga</b>	KR-hús	KR
Sunnudagur	11.	<b>Íslandsmót unglínga</b>	KR-hús	KR
Laugardagur	17.	Punktmót/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	18.	<b>Íslandsmót öldunga</b>	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	31.	Aldursflokkamót	TBR-hús	Víkingur
<b>Apríl</b>				
Sunnudagur	1.	Punktamót/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	14.	<b>Lokamót Grand Prix</b>	KR-hús	KR
Fimmtudagur	19.	Dímon mót sumard.fyrsti	Íþróttahús	Dímon
Laugardagur	28.	Skólámót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	29.	Skólámót	TBR-hús	Víkingur
<b>Mai</b>				
Laugardagur	12.	Punktamót/Stigamót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	13.	Aldursflokkamót	TBR-hús	Víkingur
Laugardagur	19.	Skólámót	TBR-hús	Víkingur
Sunnudagur	20.	Skólámót	TBR-hús	Víkingur

Lið Guðmundar Stephensen, Enjoy & Deploy Zoetermeer, lék í 1. umferð í Evrópukeppni

félagsliða (ETTU cup) helgina 3.-4. september. Riðill Zoetermeer fór fram á heimavelli félagsins í Hollandi. Zoetermeer hafnaði í þriðja sæti af fimm liðum og komst áfram í 2. umferð.

Tveir borðtennismenn úr Reykjavík, þeir Davíð Jónsson og Gunnar Snorri Ragnarsson heimsóttu Reyðarfjörð og héldu þar námskeið í borðtennis.

Stjórn BTÍ samþykkti að breyta styrkleikalistanum þannig að nýir leikmenn fara inn á listann með 1200 stig í stað 1000 stiga áður. Jafnframt voru stig þeirra sem fyrir voru á listanum í 1. og 2. flokki sköluð upp á við þannig að innbyrðis röðun leikmanna helst. Davíð Jónsson, borðtennismaður úr KR, hélt til dvalar í Austurlöndum fjær til æfinga í borðtennis. Hélt hann úti skemmtilegum pistlum á heimasíðu sambandsins þar sem hann skrifaði ferðasögu sína.

Góð þátttaka var á fyrsta borðtennismóti vetrarins, sem fram fór í KR-heimilinu við Frostaskjól þann 24. september Tæplega 60 börn og unglingar voru skráð til leiks í flokkum unglinga 15 ára og yngri og tæplega 40 keppendur voru í meistara- og 1. flokki.

### **Október 2011**

Stjórn BTÍ ákvað að í 1. deild kvenna yrði keppt heima og að heiman á sama hátt og í 1. deild karla, í annarri hverri viku, á móti leikjum í 1. deild karla. Fimm lið tóku þótt í 1. deild kvenna veturinn 2011-2012. Nánar tiltekið Dímon, HK, KR-A, KR-B og Víkingur-A.

Magnús K Magnússon Víkingi sigraði á Adidas stigamóti Víkings sem fram fór 1. október.

Þann 4. október fór ný heimasíða Borðtennissambands Íslands í loftið. Sú gamla stóð fyrir sínu og dugði lengi. Erfitt var samt að setja inn fréttir en þær þurfti að skrifa í html kóða. Myndir voru bundnar við ákveðna stærð og erfitt að stofna nýjar síður. Fyrir utan betri framsetningu er nú hægt að setja inn myndbönd, viðburði og myndasöfn og nýta möguleika internetsins til fulls.

Fyrsta deild karla hófst í mánuðinum.

Evrópumótið fór fram í Gdansk í Póllandi. Ekki voru sendir leikmenn á mótið frá Íslandi. Unnu Þjóðverjar Evrópumeistaratitilinn í karlaflokki og þar með fimmta Evrópumeistaratitilinn í röð. Í kvennaflokki sigraði Holland fjórða árið í röð. Timo Boll sigraði í karlaflokki og Li Jiao í kvennaflokki.

Pepsi mót Víkings fór fram helgina 15.-16. október. Þjóðverjinn Kai Kappe, sem keppti fyrir KR, sigraði í meistaraflokki karla. Eyrún Elíasdóttir úr Víkingi sigraði í 1. flokki kvenna.

Síðari úrslitaleikurinn í 1. deild kvenna sem hafði frestast á síðasta keppnistímabili var leikinn í TBR húsinu þann 21. október. Sigraði Víkingsliðið skipað þeim Halldóru og Magneu Ólafs og Eyrúnu Elíasdóttur lið Dímonar sem skipað var þeim Bergrún Lindu Björgvinsdóttur og Hrafnhildi Sigurðardóttur 3-1.

Annars flokks mót Dímonar fór fram 22. október. Vann HK tvöfalldan sigur á mótinu en Arnór Jón Hlynsson sigraði í karlaflokki og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir í kvennaflokki.

Guðmundur Stephensen lék með liði sínu Enjoy & Deploy Zoetermeer í 2. umferð í

Evrópukeppni félagsliða (ETTU cup). Leikið var í riðli sem fór fram á heimavelli DKV Borges Val á Spáni. Spænska heimaliðið vann alla sína leiki og komst áfram í 3. umferð. Stavoiimpex Holic frá Slóvakíu varð í 2. sæti, Istanbul BBSK frá Tyrklandi í 3. sæti og Zoetermeer hafnaði í fjórða og neðsta sæti.

### **Nóvember 2011**

Fyrsti leikurinn í 1. deild kvenna með nýju fyrirkomulagi fór fram 4. nóvember. Var leikurinn sögulegur þar sem í fyrsta sinn frá níunda áratug síðustu aldar var aftur farið að leika heima og að heiman í 1. deild kvenna. Í leiknum mættust KR-A og KR-B.

Fyrsta Grand Prix mót vetrarins fór fram 5. nóvember. Í karlaflokki sigraði Magnús K. Magnússon, Víkingi, og í kvennaflokki Eva Josteinsdóttir, Víkingi.

Kjartansmótið fór fram í KR-heimilinu við Frostaskjól helgina 12.-13. nóvember. Á mótinu voru tveir erlendir gestaspilarar, Íslandsvinurinn Thor Truelsson frá Bandaríkjunum og Martin Lund Nielsen frá Danmörku. Í liðakeppninni gerðu Kristján Jónasson, Víkingi og Bjarni Bjarnason, leikmaður og þjálfari HK sér lítið fyrir og sigruðu þá Kára Mímisson, KR og Martin Lund Nielsen frá Danmörku í úrslitaleik. Í úrslitum í meistaraflokki sigraði Thor Truelsson Martin Lund Nielsen 3-1. Í meistaraflokki kvenna sigraði Fríður Rún Sigurðardóttir, KR. Pétur Marteinn Tómasson, KR sigraði í 1. flokki karla og Viðar Árnason, KR í 2. flokki karla. Eyrún Elíasdóttir, Víkingi sigraði í 1. flokki kvenna og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK sigraði í 2. flokki kvenna.

Þjálfarinn Peter Nilsson frá Svíþjóð hélt æfingabúðir fyrir landslið 17. til 21. nóvember og voru æfingarnar haldnar í íþróttahúsinu Fagralundi í Kópavogi. Koma Peter Nilsson boðaði upphaf vinnu með landsliðum vegna heimsmeistarakeppninnar í liðakeppni í Dortmund í Þýskalandi 25. mars til 1. apríl 2012 og vegna Norður-Evrópumóts unglinga í Eistlandi í júlí 2012.

Þann 20. nóvember fór fram Grand Prix mót hjá HK. Kári Mímisson, KR, vann í opnum flokki karla og Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi, í opnum flokki kvenna.

Þann 26. nóvember fór fram stigamót hjá Víkingi í TBR húsinu. Magnús K. Magnússon, Víkingi, sigraði í úrslitum í meistaraflokki karla. Fríður Rún Sigurðardóttir úr KR sigraði í meistaraflokki kvenna. Ársæll Aðalsteinsson, Víkingi, sigraði í 1. flokki karla. Eyrún Elíasdóttir úr Víkingi vann 1. flokk kvenna. Í eldri flokki karla bar Árni Siemsen úr Erninum sigur úr bítum.

Guðmundur Stephensen og liðsfélagar hans í Enjoy&Deploy Zoetermeer sigruðu Pay Pro.nl/DTK'70 6-1 í seinni undanúrslitaleiknum um hollenska deildarbikarinn í borðtennis þann 27. nóvember.

Sviinn Kjeld Johannsson lést í mánuðinum 65 ára að aldri. Hann var ásamt Hans Alsér í fararbroddi sænskra borðtennismanna en þeir vörðuðu veginn fyrir gullkynslóð Svía. Hann varð margfaldur Evrópumeistari og tvisvar heimsmeistari í tvíliðaleik. Kjeld kom til Íslands árið 1977 og lék þar á fyrsta afmælistóti Borðtennissambands Íslands.

### **Desember 2011**

Þann 10. desember fór fram stigamót Víkinga í TBR húsinu. Í byrjendaflokki sigraði Trausti Harðarson KR, í 2. flokki karla Ari Bjarnason KR, í 2. flokki kvenna Hrefna Finnsdóttir HK, í 1. flokki karla Guðmundur Örn Halldórsson Fjölmi, í 1. flokki kvenna Eyrún Elíasdóttir og í eldri flokki karla Guðmundur Örn Halldórsson Fjölmi.

Guðmundur Stephensen og liðsfélagar hans í Enjoy Deploy urðu þann 17. desember hollenskir deildarmeistarar í meistaraflokki karla. Sigraði liðið lið Westa örugglega.

Eftir fyrri hluta móts í 1. deild karla var Víkingur-A í efsta sæti deildarinnar með 10 stig eftir 5 leiki. Víkingur-B var í 2. sæti með 8 stig, KR-A í 3. sæti með 6 stig, Víkingur-C í 4. sæti með 4 stig, Víkingur-D í 5. sæti með 2 stig og HK hafði ekkert stig.

Guðmundur Stephensen Víkingi/Enjoy Deploy Zoetermeer og Halldóra Ólafs Víkingi voru útnefnd borðtennismaður og borðtenniskona ársins 2011.

Þann 30. desember 2011 var gengið frá ráðningu landsliðsþjálfara fullorðinna og unglinga. Var Bjarni Þ Bjarnason ráðinn landsliðsþjálfari fullorðinna og Einar Geirsson landsliðsþjálfari unglinga.

### **Janúar 2012**

Landsliðsæfingar fullorðinna í karla- og kvennaflokki hófust í Fagralundi 7. janúar. Landsliðsþjálfari valdi eftirfarandi leikmenn í landsliðshópa:

#### Karlar:

Adam Harðarson, Víkingi  
Daði Freyr Guðmundsson, Víkingi  
Davíð Jónsson, KR  
Einar Geirsson, KR  
Guðmundur Stephensen, Víkingi  
Gunnar Snorri Ragnarsson, KR  
Kári Mímisson, KR  
Magnús Finnur Magnússon, Víkingi  
Magnús K. Magnússon, Víkingi  
Óli Páll Geirsson, Víkingi  
Tryggvi Áki Pétursson, Víkingi

#### Konur:

Bergrún Linda Björgvinsdóttir, Dímon  
Eva Josteinsdóttir, Víkingi  
Eva Morgan Maurin, KR  
Eyrún Elíasdóttir, Víkingi  
Fríður Rún Sigurðardóttir, KR  
Halldóra Ólafs, Víkingi  
Hrefna Namfa Finnsdóttir, HK  
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK  
Kristín Gyða Guðmundsdóttir, HK  
Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi  
Magnea Clausen, KR

Magnea Ólafs, Víkingi  
Sigrún Ebba Tómasdóttir, KR

Landsliðsæfingar drengja hófust í Fagralundi 24. janúar.

Í landsliðshóp voru valdir:

Pétur Gunnarsson KR, f. 1995  
Skúli Gunnarsson KR, f. 1996  
Friðrik Þ. Stefánsson KR, f. 1996  
Breki Þórðarson KR, f. 1998  
Dagur Benjamín Kjartansson KR, f. 1998  
Björn Gunnarsson HK, f. 1995  
Aron Úlfarsson HK, f. 1997  
Jóhann Hrafn Sigurjónsson HK, f. 1997  
Högni Freyr Gunnarsson HK, f. 1997  
Adrián Gonzalez Héðinsson HK, f. 1998  
Magnús Jóhann Hjartarson VÍK, f. 1998  
Jóhann Emil Bjarnason VÍK, f. 1997

Laugardaginn 14. janúar fór fram stigamót í borðtennis í íþróttahúsi ÍFR við Hátún. Keppt var í 2. flokki karla og kvenna og var þátttaka góð. Í 2. flokki kvenna sigraði Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK en í 2. flokki karla Patryk Marek Suckocki úr Víkingi.

Reykjavík International Games 2012 fór fram í Íþróttahúsi TBR laugardaginn 21. janúar. Keppt var í einliðaleik karla og einliðaleik kvenna. Í karlaflokki voru 18 keppendur og í kvennaflokki 8 keppendur. Margt af besta borðtennisfólki landsins var mætt til leiks ásamt gestum frá Hollandi, Póllandi, Rúmeníu og Kína. Í einliðaleik karla sigraði Guðmundur Stephensen, Víkingi, Hollendinginn Nathan van der Lee. Í einliðaleik kvenna sigraði Eva Josteinsdóttir, Víkingi.

Sunnudaginn 22. janúar fór fram í KR húsinu Unglingamót KR og á sama tíma Grand Prix mót. Sigráði Adam Harðarson, Víkingi, í opnum flokki karla og Eva Josteinsdóttir, Víkingi, í opnum flokki kvenna.

Þann 28. janúar fór svo fram stóra Víkingsmótið í borðtennis. Sigráði Magnús Finnur Magnússon, Víkingi, í meistaraflokki karla og Stefán Birkisson, Víkingi, í 1. flokki karla. Í 1. flokki kvenna sigraði Eyrún Elíasdóttir. Í 2. flokki karla sigraði Ari Bjarnason KR og í 2. flokki kvenna Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í eldri flokki karla sigraði Stefán Birkisson, Víkingi.

Jóhann Rúnar Kristjánsson, borðtennismaður úr Nesi, fékk C-styrk úr afrekssjóði að upphæð 760.000 kr, m.a. til undirbúnings fyrir úrtökumót fyrir Ólympíuleika fatlaðra. Borðtennissamband Íslands fékk 300.000 kr. eingreiðslu vegna Guðmundar Stephensen til þátttöku á úrtökmótum fyrir Ólympíuleikana í London. Sambandið fékk líka 300.000 kr. í landsliðsverkefni úr Afrekssjóði ÍSÍ. Þá fékk sambandið 300.000 kr. í landsliðsverkefni frá Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. BTÍ fékk ekki styrk vegna ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna að þessu sinni.

## **Febrúar 2012**

Helgina 4.-5. febrúar hófust kvennalandsliðsæfingar í Fagralundi. Sömu helgi voru haldnar æfingabúðir á vegum KR og Dímonar á Hvolsvelli fyrir stúlkur. Þjálfarar í búðunum voru þau Einar Geirsson, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, Ólafur Elí Magnússon og Reynir Björgvinsson.

Helgina 11.-12. febrúar var sænski þjálfarinn Peter Nilsson á landinu og þjálfaði úrvalshópa karla, kvenna og unglunga í samstarfi við Borðtennissamband Íslands.

Flokkakeppni unglunga fór fram þann 11. febrúar í TBR húsinu. Úrslit í einstökum flokkum voru eftirfarandi:

### **Sveinar 15 ára og yngri**

1. KR-A (Breki Þórðarson og Þorvar Bjarmi Harðarson)
2. Víkingur-A (Jóhann Emil Bjarnason og Magnús Jóhann Hjartarson)
- 3.-4. HK-A (Adrian Héðinsson Gonzalez og Jóhann Hrafn Sigurjónsson)
- 3.-4. HK-B (Aron Úlfarsson og Högni Freyr Gunnarsson)

### **Meyjar 15 ára og yngri**

1. KR-A (Anna Róshildur Benediktsdóttir og Snæfríður Gunnarsdóttir)
2. KR-B (Birta Björg Birgisdóttir og Ólöf Sólveig Ólafsdóttir)
3. KR-C (Katla Tjörvadóttir og Steingerður Sunna Hrafnisdóttir)
4. KR-D (Líf Hlavácková og Sóley Kristín Jónsdóttir)

### **Drengir 16-18 ára**

1. KR-A (Pétur Gunnarsson og Skúli Gunnarsson)
2. HK-A (Bjarki Hrafn Gunnarsson og Kári Hlynsson)
3. KR-B (Páll Ársæll Hafstað og Þórir Már Ingólfsson)

### **Stúlkur 16-18 ára**

1. Dímon/KR (Bergrún Linda Björgvinsdóttir og Sigrún Ebba Tómasdóttir)
2. HK/Víkingur (Eyrún Elíasdóttir og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir)
3. HK (Hrefna Namfa Finnsdóttir og Kristín Gyða Guðmundsdóttir)

### **Ungmenni drengja 19-21 árs**

1. KR (Jóhannes Bjarki Tómasson, Kári Mímisson og Ólafur Páll Geirsson)
2. Víkingur (Daníel Bergmann Ásmundsson og Sindri Þór Sigurðsson)
3. HK (Arnór Jón Hlynsson og Björn Gunnarsson)

### **Ungmenni stúlkna 19-21 árs**

1. KR (Fríður Rún Sigurðardóttir og G. Magnea Clausen)

Sunnudaginn 12. febrúar fór fram keppni í 2. deild karla. Endurheimti Akur sæti sitt í 1. deild karla en Akur sigraði lið KR-B. Lið Akurs skipuðu þeir Hlynur Sverrisson, Jakob Jörgensen og Markus Meckl. Bæði Jakob og Markus fóru taplausir í gegnum leiki dagsins. Var þetta þriðja árið í röð þar sem lið frá KR tapar úrslitaleik í 2. deild karla. Mættu 9 lið til leiks frá Akri, HK, KR, Víkingi og Víkingi/Erninum.

### **Verðlaunahafar:**

1. Akur-A (Hlynur Sverrisson, Jakob Jörgensen og Markus Meckl)



- 2. KR-B (Hlöðver Steini Hlöðversson, Ingimar Ingimarsson, Ingimar Ari Jensson)
- 3.-4. KR-D (Jóhannes Bjarki Tómasson, Pétur Gunnarsson, Skúli Gunnarsson)
- 3.-4. Víkingur-E (Eva Josteinsdóttir, Kristinn Sigurðsson, Lilja Rós Jóhannesdóttir)

Grand Prix mót Pepsi og Víkings fór fram í TBR-húsinu 18. febrúar. Víkingarnir Magnús Kristinn Magnússon og Eva Josteinsdóttir sigruðu í opnum flokki karla og kvenna.

Unglingalandsliðsæfing var haldin þann 21. febrúar í Fagralundi.

Kristinn Sigurðsson úr Víkingi og Anna Róshildur Benediktsdóttir úr KR sigruðu í 2. flokki karla og kvenna á punktamóti HK, sem fram fór í Íþróttahúsi Snælandsskóla 25. febrúar.

### **Mars 2012**

Íslandsmót fullorðinna fór fram helgina 3.-4. mars í TBR húsinu. Tæplega 100 keppendur voru skráðir til leiks á mótinu frá Akri, Dímon, Erninum, Fjölni, HK, ÍFR, KR, Nesi og Víkingi. Guðmundur Stephensen, Víkingi sigraði í meistaraflokki karla og Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi í meistaraflokki kvenna. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur Stephensen og Magnús K. Magnússon, Víkingi og tvíliðaleik kvenna Eva Josteinsdóttir og Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi. Í tvenndarleik sigruðu Guðmundur Stephensen og Eva Josteinsdóttir, Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Jóhannes Bjarki Tómasson, KR og 1. flokki kvenna Sigrún Ebba Tómasdóttir, KR. Að venju voru þátttakendur flestir í 2. flokki karla. Þar sigraði Kristinn Sigurðsson úr Víkingi. Í 2. flokki kvenna sigraði Eva Morgan Maurin, KR.

Þann 8. mars 2012 voru Víkingar-A krýndir deildarmeistarar í 1. deild karla. Luku þeir deildarleikjunum með fullt hús stiga. A-lið KR hafnaði í 2. sæti og B-lið Víkings í 3. sæti.

Íslandsmót unglunga fór fram helgina 12.-13. mars. Í flokki hnokka 11 ára og yngri sigraði Jóhannes Kári Yngvason KR; táta 11 ára og yngri Ólöf Sól Ólafsdóttir KR; pilta 12-13 ára Ólafur Cesarsson KR; telpna 12-13 ára Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir HK; sveina 14-15 ára Magnús Jóhann Hjartarsson Víkingi; drengja 16-18 ára Skúli Gunnarsson KR; tvíliðaleik pilta 13 ára og yngri Guðjón Páll Tómasson og Ólafur Cesarsson KR; tvíliðaleik telpna 13 ára og yngri Anna Róshildur Benediktsdóttir og Snæfríður Gunnarsdóttir KR; tvíliðaleik sveina 14-15 ára Breki Þórðarsson og Dagur Benjamin Kjartansson KR; tvíliðaleik meyja 14-15 ára Stefánía Katrín Einarisdóttir og Unnur Hjaltsted KR; tvíliðaleik drengja 16-18 ára Pétur Gunnarsson og Skúli Gunnarsson KR; tvíliðaleik stúlkna 16-18 ára Bergrún Linda Björgvinsdóttir Dímon og Sigrún Ebba Tómasdóttir KR; tvíliðaleik ungmenna drengja 19-21 árs Jóhannes Bjarki Tómasson og Kári Mímisson og tvíliðaleik ungmenna stúlkna Fríður Rún Sigurðardóttir og G. Magnea Clausen KR. Í einliðaleik meyja 14-15 ára sigraði Stefánía Katrín Einarisdóttir KR; í einliðaleik stúlkna 16-18 ára sigraði Bergrún Linda Björgvinsdóttir Dímon; í einliðaleik ungmenna drengja 19-21 árs sigraði Kári Mímisson KR. Í einliðaleik stúlkna 19-21 árs sigraði Fríður Rún Sigurðardóttir KR. Í tvenndarleik 15 ára og yngri sigruðu Adrián Héðinsson Gonzalez og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir HK og tvenndarleik 16-18 ára Skúli Gunnarsson KR og Bergrún Linda Björgvinsdóttir Dímon. Í tvenndarleik ungmenna 19-21 árs sigruðu Kári Mímisson og Auður Tinna Aðalbjarnadóttir KR.

Coca Cola stigamót Víkings fór fram í TBR húsinu 17. mars. Í meistaraflokki karla sigraði Daði Freyr Guðmundsson, Víkingi. Í meistaraflokki kvenna sigraði Magnea Ólafs, Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Hlöðver Hlöðversson, KR og í 2. flokki karla sigraði Sigurður Herlufsson, Víkingi. Í 2. flokki kvenna sigraði Anna Róshildur Benediktsdóttir, KR. Í eldri flokki karla sigraði

Guðmundur Örn Halldórsson, Fjölni.

Íslandsmót eldri flokka karla og kvenna fór fram í TBR húsinu sunnudaginn 18. mars. Gömul brýni og erkifjendur munduðu þaðann til höggs og var ekkert gefið eftir. Í einliðaleik karla 40-49 ára sigraði Bjarni Bjarnason, HK. Í einliðaleik karla 50-59 ára sigraði Kristján Jónasson, Víkingi. Í einliðaleik karla 60 ára og eldri sigraði Pétur Stephensen, Víkingi. Í einliðaleik karla 60-69 ára sigraði Jónas Marteinnsson, Erninum og í einliðaleik karla 70 ára og eldri sigraði Jóhann Örn Sigurjónsson, Erninum. Í einliðaleik kvenna 40-49 ára sigraði Elísabet Ólafsdóttir, KR og í einliðaleik kvenna 50-59 ára sigraði Ásta Urbancic KR. Í tvíliðaleik karla 40-49 ára sigruðu Bjarni Bjarnsson og Kristján Hjartarson, HK. Í tvíliðaleik karla 50-59 sigruðu Kristján Jónasson og Hjörtur Magni Jóhannsson, Víkingi. Í tvíliðaleik karla 60 ára og eldri sigruðu Pétur Ó. Stephensen, Víkingi og Ragnar Ragnarsson, Erninum. Í tvíliðaleik karla 60-69 sigruðu Árne Siemsen og Ólafur H. Ólafsson Erninum. Í tvíliðaleik karla 70 ára og eldri sigruðu þeir Birkir Gunnarsson og Ólafur H. Ólafsson, Erninum. Í tvíliðaleik kvenna 40-49 ára sigruðu Elísabet Ólafsdóttir og Ásta Urbancic KR.

Æfing var haldin hjá unglíngalandsliðshóp 22. mars í Fagralundi.

Íslenska landsliðið, skipað þeim Magnúsi K. Magnússyni, Adam Harðarsyni, Davíð Jónssyni og Kára Mímissyni tóku þátt í heimsmeistaramótinu í liðakeppni, sem haldið var í Dortmund, Þýskalandi. Lék íslenska liðið í 5. deild þar sem eru 24 lið. Í riðli með íslenska liðinu voru Togo, Barbados, Panama, Nepal og Zambía. Íslendingar léku fyrsta leik sinn á mótinu gegn liði Zambíu og unnu örugglega 3-0. Næsti leikur Íslendinga var við lið Barbados og tapaðist sá leikur 3-2. Þriðji leikurinn var við Panama og vann íslenska liðið leikinn 3-1. Fjórti leikurinn í undanriðlinum var við lið Togo og tapaðist leikurinn 3-0. Fimmti leikurinn í undanriðlinum átti að vera við lið Nepal en Nepal mætti ekki til leiks. Endaði íslenska liðið því í 3. sæti í riðlinum og spilaði því í 12 liða úrslitum við lið Tadjikistan sem lenti í 2. sæti í R riðli. Íslenska liðið sigraði lið Tadjikistan 3-0 og spilaði því næst við lið Mongólíu í 8 liða úrslitum. Íslenska liðið tapaði þeim leik 3-1. Næst spilaði liðið við lið Guernsey og tapaði þeim leik naumlega 3-2. Var því ljóst að íslenska liðið myndi spila um sæti 103-104 á mótinu við lið Barbados sem það hafði tapað naumlega fyrir í undanriðli. Sá leikur spilaðist ekki vel og tapaðist 3-0.

Í mars var í fyrsta sinn notast við forritið Tournamentplanner, sem BTÍ festi kaup á, fyrir Íslandsmót unglínga. Forritið gerir allt utanumhald og að draga í mót skilvirkara og einfaldara auk þess sem úrslit er hægt að skrá inn beint inn í kerfið á mótssstað. Vel gekk að nota forritið.

### **Apríl 2012**

Víkingsstúlkur urðu deildarmeistarar í 1. deild kvenna þann 10. apríl þegar þær sigruðu lið KR–A 3-0.

Guðmundur Stephensen spilaði þann 11. apríl tvo leiki á úrtökumóti Ólympíuleikanna, sem fram fór í Luxemborg. Með honum í för var landsliðsþjálfarinn Bjarni Bjarnason. Hann lék fyrri leik sinn við Yaroslav Zhmudenko frá Úkraínu, sem er nr. 98 á heimslistanum. Guðmundur náði sér ekki á strik en Zhmudenko vann leikinn 4-0 (11-5, 12-10, 11-5 og 11-7). Síðari leikurinn var við Konstantinos Papageorgiou frá Grikklandi sem er nr. 203 á heimslistanum. Fór leikurinn 4-1 fyrir Grikkjanum (11-6, 11-2, 7-11, 11-8 og 11-7). Þann 12. apríl lék hann síðan við Irfan Cekic frá Svartfjallalandi (nr. 568 á heimslistanum) og sigraði örugglega 4-0 (11-5, 11-8, 11-9 og 12-10). Síðar um daginn lék hann gegn Carlos Machado frá Spáni (nr. 84 á

heimslistanum). Carlos Machado vann þann leik 4-0 (11-4, 11-8, 11-2, 11-6). Aðeins tveir efstu menn í riðlinum komast áfram og voru það því þeir Carlos Machado Yaroslav Zhmudenko.

Þann 14. apríl var haldið fyrsta "Topp 8" unglíngamótið í KR heimilinu. Á mótinu spiluðu topp 8 unglíngar, í flokkum sveina 14-15 ára, meýja 15 ára og yngri og í flokki pílta 13 ára og yngri. Í flokki sveina 14-15 sigraði Jóhann Emil Bjarnason, Víkingi og í flokki meýja 14-15 ára sigraði Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK. Í flokki pílta 13 ára og yngri sigraði Guðjón Páll Tómasson, KR.

Sama dag fór fram lokamót Grand Prix mótaraðarinnar. Í karlaflokki sigraði Magnús K. Magnússon, Víkingi og í kvennaflokki Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi.

Þann 19. apríl fór fram 2. flokks punktamót Dímonar. Sigraði Jóhann Emil Bjarnason, Víkingi í 2. flokki karla og í 2. flokki kvenna Ólafía Ásbjörnsdóttir, Dímon.

Þann 21. apríl réðust úrslit í 1. deild karla þegar lið KR-A og Víkings-A mættust í Frostaskjólí í síðari úrslitaleik liðanna. Sigruðu Víkingar í leiknum 4-0 og fór liðið í gegnum Íslandsmótið án taps.

Þann 26. apríl réðust síðan úrslit í 1. deild kvenna þegar mættust í síðari úrslitaleik lið Víkings-A og KR-A. Sigraði Víkingur í leiknum 3-0 og varð því Íslandsmeistari í 1. deild kvenna 2012.

Guðmundur Stephensen og félagar hans í hollenska úrvalsdeildarliðinu Enjoy Deploy Zoetermeer sigruðu TTV Scyedam 5-2 í fyrri undanúrslitaleik liðanna í mánuðinum.

### ***Mái 2012***

Íslenska karlaliðið tók í mánuðinum þátt í Norður-Evrópumótinu, sem fram fór í Karlsborg í Svíþjóð. Á mótið fóru þeir Magnús K. Magnússon, Daði Freyr Guðmundsson og Davíð Jónsson. Tapaði Íslenska liðið leikjum sínum við Danmörku og Noreg 3-0. Úrslit einstakra leikja voru eftirfarandi:

#### **Ísland - Danmörk 0-3**

Magnús K. Magnússon - Claus Schoug Nielsen 11-13, 6-11, 11-7, 8-11

Davíð Jónsson - Morten Hyrup Rasmussen 5-11, 2-11, 2-11

Daði Freyr Guðmundsson - Ruben S. Jensen 6-11, 6-11, 9-11

#### **Ísland - Noregur 0-3**

Magnús K. Magnússon - Lars Rønneberg 6-11, 4-11, 7-11

Daði Freyr Guðmundsson - Eskil Lindholm 3-11, 4-11, 13-15

Davíð Jónsson - Eskil Jørgensen 7-11, 6-11, 7-11

Svíaar urðu Norður-Evrópumeistarar í karlaflokki eftir 3-0 sigur á Dönum. Í kvennaflokki sigruðu Svíaar sömuleiðis en liðið lagði Noreg 3-0 í úrslitum.

Þeir Magnús, Daði og Davíð tóku einnig þátt í einliðaleik á mótinu en töpuðu allir leikjum sínum 4-0.

#### **Úrslit úr leikjunum:**

Davíð Jónsson - Claus Schoug Nielsen, Danmörku 4-11, 2-11, 5-11, 8-11

Daði Freyr Guðmundsson - Pauli Hietikko, Finnlandi 2-11, 5-11, 10-12, 3-11

Magnús K. Magnússon - Benedek Olah, Finnlandi 1-11, 9-11, 6-11, 11-13

Þeir Davíð Jónsson og Magnús K. Magnússon léku við Finnana Benedek Olah og Kantola í 1. umferð í tvíliðaleik karla. Þeir töpuðu 0-3 (2-11, 5-11, 7-11).

Enjoy & Deploy Zoetermeer, lið Guðmundar Stephensen, lék til úrslita um hollenska meistaratitilinn í borðtennis þann 20. maí. Liðið, sem var haustmeistari deildarinnar mætti vormeisturum Wijzenbeek Westa í úrslitaleiknum. Westa sigraði 4-2 og varð því hollenskur meistari. Guðmundur lagði Martijn de Vries 3-1 í opunarleiknum og sigraði 3-0 í tvíliðaleik ásamt félagamönnum sínum Nathan var der Lee. Guðmundur tapaði síðan seinni einliðaleik sínum fyrir Daan Sliepen 1-3.

### *júní 2012*

Unglingalandsliðið tók þátt í Norður-Evrópumóti unglunga sem fram fór í borginni Haapsalu í Eistlandi 25.-27. júní. Var liðið í æfingabúðum helgina 23.-24. júní með eistneska unglungalandsliðinu. Einar Geirsson unglungalandsliðsþjálfari og Eva Josteinsdóttir liðsstjóri og fararstjóri fóru með.



Eftirtaldir unglingar skipuðu hópinn:

#### **Kadett strákar 15 ára og yngri (tvö lið)**

Breki Þórðarson, KR

Dagur Benjamín Kjartansson, KR

Jóhann Emil Bjarnason, Víkingi

Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi

#### **Junior strákar 16-18 ára**

Björn Gunnarsson, HK

Pétur Gunnarsson, KR

Skúli Gunnarsson, KR

#### **Kadett stúlkur**

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK

#### **Junior stúlkur**

Bergrún Linda Björgvinsdóttir, Dímon

Hrefna Namfa Finnsdóttir, HK

Sigrún Ebba Tómasdóttir, KR

Íslensku liðin í liðakeppninni unnu ekki landsleik, nema innbyrðis leik Íslensku liðanna í kadett flokki pílta, en unnu einstaka leiki. Jóhann Emil Bjarnason vann fyrsta leikinn á móti Færeyjum 3-0 og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir vann einliðaleik á móti Færeyjum 3-1.

Bjarna Bjarnasyni landsliðsþjálfara var í mánuðinum boðin þátttaka í stærstu borðtennisæfingabúðum Svíþjóðar (TTEX CAMP) sem fara fram í Åsa þann 29. júlí til 4. ágúst næstkomandi.

Birkir Þór Gunnarsson, borðtennismaður úr Erninum, lést þann 9. júní. Birkir var í fyrsta hópi borðtennismanna á Íslandi og formaður sambandsins um tíma. Hann varð varð m.a. Íslandsmeistari í tvíliðaleik karla á fyrsta Íslandsmótinu sem haldið var árið 1971. Birkir lék með Ólafi H. Ólafssyni og unnu þeir titilinn öðru sinni árið 1974. Þá lék Birkir með karlalandsliðinu og átti 6 landsleiki að baki. Birkir keppti af og til á mótum í gegnum árin, síðast á Íslandsmóti öldunga í mars 2012.

### **Júlí 2012**

Alls tóku 42 þjóðir þátt á Evrópumeistaramóti unglunga í borðtennis, sem fram fór í Austurríki 13.-22. júlí. Ísland var eitt 9 aðildarlanda ETTU sem ekki sendu lið á mótið að þessu sinni. Frönsku drengirnir unnu tvöfaldan sigur í liðakeppninni. Frakkar urðu Evrópumeistarar bæði í liðakeppni kadett sveina og junior drengja. Þýsku stúlkurnar sigruðu í kadettflokkum meyja og rúmensku stúlkurnar hömpuðu Evrópumeistaratitlinum í juniorflokkum stúlkna. Frakkarnir sópuðu til sín verðlaunum í kadett og junior flokkum drengja. Bendik Brekke Þorfinnsson, sonur Þorfinns Guðmundssonar, var í norska liðinu í flokki sveina 15 ára og yngri. Bendik hefur bæði íslenskt og norskt ríkisfang. Bendik vann 2 af 5 leikjum sínum í liðakeppninni. Noregur hafnaði í 31. sæti í flokknum. Hann var fyrir mótið nr. 68 á styrkleikalista Evrópska borðtennissambandsins í kadettflokkum, en var nr. 218 á sama tíma í fyrra. Danir fengu brons í flokki sveina 15 ára og yngri og voru eina Norðurlandþjóðin sem náði á verðlaunapall.

Borðtennisfólk úr HK fór til Åsa í Svíþjóð þar sem þau tóku þátt í æfingabúðum dagana 27. júlí til 4. ágúst. Bjarni Þ. Bjarnason, þjálfari HK og landsliðsþjálfari fór fyrir hópnum og var jafnframt einn 8 þjálfara við búðirnar. Þeir leikmenn sem fóru voru:

Hrefna Namfa Finnsdóttir  
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir  
Hlynur Arnórsson  
Björn Gunnarsson  
Bjarki Gunnarsson  
Júlíus Fannar Thorarensen úr Akri

### **Ágúst 2012**

Þrettán ungir borðtennismenn úr KR tóku þátt í 34. Alþjóðlega Flanders mótinu í borðtennis, sem fram fór í Ostend í Belgíu 10.-14. ágúst. Keppt var í aldursflokkum unglunga og öldunga, sem og í karla og kvennaflokkum.

Fararstjórar og þjálfarar voru Einar Geirsson og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, en einnig var hópur foreldra með í för.



Keppendur á mótinu voru:

Bjarni Thor Kárason  
Breki Þórðarson  
Dagur Benjamin R Kjartansson  
Guðjón Páll Tómasson  
Jóhannes Kári Yngvason  
Kári Ármannsson  
Katla Tjörvadóttir  
Kjartan Skarphéðinsson  
Ólöf Sólveig Ólafsdóttir  
Sigrún Ebba Tómasdóttir  
Sveina Rósa Sigurðardóttir  
Tómas Ingi Shelton

Þorvar Bjarni Harðarson

Leikmenn náðu ágætum árangri og unnu allir a.m.k. einn leik. KR-ingarnir kepptu í unglingsaflokkum, stigaflokkum og í liðakeppni. Einu verðlaunahafarnir voru yngstu stúlkurnar, sem urðu í 2. sæti í telpnaflokki 13 ára og yngri af 2 liðum. Það voru þær Katla Tjörvadóttir, Ólöf Sólveig Ólafsdóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir. Sigrún Ebba Tómasdóttir komst í 8 manna úrslit í flokki stúlkna 16-18 ára, af 16 keppendum. Einar Geirsson, þjálfari, tók þátt í tveimur getuflokkum og komst í 3. umferð (64 manna úrslit) í öðrum þeirra, en byrjað var í 256 manna töflu. Í liðakeppni í flokki pílta 12-13 ára höfnuðu Jóhannes Kári Yngvason og Kári Ármannsson í 5. sæti af 10 liðum. Guðjón Páll Tómasson og Belginn Azzabi höfnuðu í 6. sæti. Í liðakeppni í flokki sveina 14-15 ára urðu Breki Þórðarson og Dagur B. Kjartansson í 7. sæti. Mótsstjóri sagði að þátttendur frá 44 þjóðernum væru á mótinu en Íslendingarnir léku við keppendur frá um 10 þjóðum. Skráningar voru tæplega 2.000 en margir voru skráðir í fleiri en einn flokk. Keppt var á um 50 borðum.

Ólympíuleikarnir fóru fram í Ágúst. Hin kínverska Li Xiaoxia varð Ólympíumeistari í einliðaleik kvenna, eftir 4-1 (11-8, 14-12, 8-11, 11-6, 11-4) sigur á heimsmeistarannum Ding Ning. Heimsmeistarinn Zhang Jike bætti Ólympíugulli við í safnið þegar hann sigraði fyrrum heimsmeistara og liðsfélaga sinn Wang Hao í úrslitum í einliðaleik karla

KR-ingurinn Kári Mímisson gekk frá samningi um að æfa og spila með liði Åsa í Svíþjóð næsta vetur.

## VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS 2012-2013.

### September 2012





Æfingabúðir BTÍ í samvinnu við ITTF/ETTU fóru fram í æfingasal Víkinga í TBR húsinu helgina 1.-2. september. Voru æfingarnar tvær báða dagana milli kl. 09.30-11.30 og 13.30-15.30. Um tuttugu börn og unglingar tóku þátt í búðunum en þeim stjórnaði sænski þjálfarinn Emanuel Christiansson sem jafnframt var með þjálfaranámskeið.

Þjálfaranámskeiðið hófst 3. september og lauk því 9. nóvember. Var það haldið í æfingaaðstöðu KR inga við Frostaskjól og æfingaraðstöðu ÍFR í Hátúni. Skipulögðu þátttakendur hjólastólamót í ÍFR þar sem tekið var á öllum helstu þáttum í mótahaldi. Til þess að haldið verði 2. stigs þjálfaranámskeið á Íslandi þurfa minnst tíu einstaklingar að hafa lokið 1. stiginu. Þurfa þátttakendur nú að klára 30 klst. þjálfun þar sem fimm klukkustundir þurfa að vera undir handleiðslu landsliðsþjálfarans Bjarna Þ Bjarnasonar.

Þessum hluta námskeiðsins luku þau:

Óli Páll Geirsson  
Auður Tinna Aðalbjarnardóttir  
Tómas Ingi Shelton  
Einar Geirsson  
Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson  
Halldóra Ólafs  
Davíð Jónsson  
Ingimar Ingimarsson  
Guðfinna Magnea Clausen  
Magnea Ólafs  
Hrefna Namfa Finnsdóttir  
Aldís Rún Lárusdóttir  
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir  
Bjarni Þ Bjarnason

Leikmaðurinn Gunnar Snorri Ragnarsson fór í mánuðinum til Gautaborgar í Svíþjóð til náms. Gekk hann til liðs við Askims og mun spila í B liði Askims í 3. deildinni í Svíþjóð. Deildarkeppnin hófst með tveimur leikjum 22. september og tapaði Askims fyrri leiknum 6-8 en vann þann síðari 8-2. Gunnar Snorri tapaði öllum leikjum sínum í fyrri viðureigninni en vann einn einliðaleik og tvíliðaleik og tapaði einum einliðaleik í seinni viðureigninni.

Lið Guðmundar Stephensen Enjoy Deploy frá Hollandi gerði í mánuðinum gott mót í ETTU Cup. Mótið hefst með 8 riðlum þar sem þrjú efstu liðin í hverjum riðli komast áfram á næsta stig sem fram fer í október. Liðsmenn Guðmundar voru þeir Nathan VAN Der Lee, Borna Kovac og Boris De Vries. Vann liðið lið frá Spáni, Portúgal og Belgíu (Centro Social, Cja Burgos og Virton).

Mótaskrá tímabilsins 2012-2013 lá fyrir í september. Helstu breytingar frá síðasta vetri voru aldursflokkamótaröðin sem ákveðið var að setja á laggirnar og var hún um veturinn spiluð í eftirfarandi flokkum: U12, 13-15 og 16-18. Móaskráin fyrir tímabilið leit svona út:

<b>Mótaskrá Borðtennissambands Íslands 2012-2013.</b>				
<b>Mán</b>	<b>Dags.</b>	<b>Mót</b>	<b>Staður</b>	<b>Umsjón</b>
<b>sept:</b>				
Laugardagur	29.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Sunnudagur	30.	Aldursflokkamótaröðin (1. mót), KR	KR	KR
<b>Okt</b>				
Laugardagur	6.	Punktamót, meistarafl., 1. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Föstudagur	12.	Rangæingamót í Rangárvallasýslu	Dímon	Dímon
Laugardagur	13.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Sunnudagur	14.	Aldursflokkamótaröðin (2. mót), Víkingur	TBR	Víkingur
Laugardagur	27.	Aldursflokkamótaröðin (3. mót), Dímon	Dímon	Dímon
<b>Nóv</b>				
Laugardagur	3.	Grand Prix mót (1. mót)	TBR	Víkingur
Föstudagur	9.	HSK mót	Dímon	Dímon
Laugardagur	17.	Kjartansmótið	KR	KR
Sunnudagur	18.	Kjartansmótið	KR	KR
Laugardagur	24.	Punktamót, meistarafl., 1. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Sunnudagur	25.	Aldursflokkamótaröðin (4. mót), Víkingur	TBR	Víkingur
<b>Des</b>				
Laugardagur	1.	Grand Prix mót (2. mót)	HK	HK
Laugardagur	8.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Laugardagur	22.	Jólapunktamót Víkings	TBR	Víkingur
<b>Jan</b>				
Laugardagur	12.	Punktamót, meistarafl., 1. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Laugardagur	19.	Aldursflokkamótaröðin (5 mót) fyrir hádegi	KR	KR
Laugardagur	19.	Grand Prix mót (3. mót) eftir hádegi	KR	KR
Laugardagur	26.	Reykjavík International	TBR	Víkingur
Sunnudagur	27.	Reykjavík International	TBR	Víkingur
<b>Feb</b>				
Laugardagur	2.	2. flokks mót ÍFR	ÍFR	ÍFR
Laugardagur	9.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Laugardagur	16.	Grand Prix mót (4. mót)	Víkingur	TBR
Sunnudagur	17.	Íslandsmót í flokkakeppni unglinga	KR	KR
Laugardagur	23.	Aldursflokkamótaröðin (6 mót)	HK	HK
<b>Mars</b>				
Laugardagur	2.	Íslandsmót fulloröðinna	TBR	Víkingur
Sunnudagur	3.	Íslandsmót fulloröðinna	TBR	Víkingur
Laugardagur	16.	Íslandsmót unglinga	KR	KR
Sunnudagur	17.	Íslandsmót unglinga	KR	KR
Laugardagur	23.	Íslandsmót öldunga	TBR	Víkingur
Sunnudagur	24.	Lokamót Grand prix mótaráðarinnar	TBR	Víkingur
<b>Apríl</b>				
Laugardagur	6.	Bikarkeppni BTÍ	KR	KR
Laugardagur	6.	Lokamót Aldursflokkamótaráðarinnar	KR	KR
Laugardagur	20.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur
Fimmtudagur	25.	2. flokks sumardags fyrsta mót Dímon	Dímon	Dímon
<b>Mai</b>				
Laugardagur	4.	Punktamót, meistarafl., 1. og 2. fl. karla og kvenna	TBR	Víkingur

Í Mánuðinum hófst 1. deild karla.

Fyrsta borðtennismót vetrarins, Adidas mót Víkings, var haldið í TBR-húsinu í Laugardal 29. september. Keppni var auglýst í öllum stigaflokkum karla og kvenna en keppni féll niður í

meistaraflokkki kvenna. Þá var keppt í eldri flokki karla. Í meistaraflokkki karla sigraði Magnús K. Magnússon úr Víkingi og í 1. flokki kvenna Eyrún Elíasdóttir.

Fyrsta unglíngamótið í nýrri unglíngamótaröð BTÍ fór svo fram í KR-heimilinu 30. september. Keppendur voru tæplega 50 talsins frá Akri, BH, HK, KR og Víkingi. Flestir keppendur voru skráðir í flokk stráka 12 ára og yngri og sigraði Kári Ármannsson úr KR í flokknum. Sigurjóna Hauksdóttir úr BH í sigraði í flokki stelpna 12 ára og yngri en þetta var fyrsta mótið sem þátttakandi úr BH vann í borðtennis. Breki Þórðarson úr KR sigraði í flokki stráka 13-15 ára. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK sigraði í flokki stelpna 13-15 ára. Pétur Gunnarsson úr KR sigraði í flokki drengja 16-18 ára.

Fyrsta stigamótið í borðtennis, Adidas stigamót Víkinga fór fram í TBR húsinu laugardaginn 29. september 2012. Keppt var í 6 flokkum þar sem keppnisfólk Víkinga var sigursælt og sigraði í 5 flokkum og KR í einum flokk. Í meistaraflokkki karla sigraði Magnús K Magnússon Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Daníel Bergmann Víkingi og í 2. flokki karla sigraði Sigurður Herlufssen. Í 1. flokki kvenna sigraði Eyrún Elíasdóttir og í 2. flokki kvenna Ólöf Sólveig Ólafsdóttir KR.

### **Október 2012**

Guðmundur Eggert Stephensen og samherjar hans í hollenska liðinu Taverzo komust í sextán liða úrslit Evrópukeppni félagliða í borðtennis. Þeir unnu allar viðureignir sínar í riðlakeppni sem fram fór í Danmörku. Vann liðið lið Yronii Givatayim frá Ísrael og Köbenhavn BTK. Í liði Köbenhavn leika Omar Assar Egyptalandi og Daniel Kosiba Ungverjalandi sem hafa verið að fíkra sig upp heimslistann. Var liðið fyrirfram talið sigurstranglegast í 6. riðli keppinnar.

Í október var kynnt nýtt leikjafyrirkomulag fyrir 2. deild karla. Var bryddað upp á þeirri nýjung að spila ekki 2. deild karla í einni túrningu heldur skipta liðum 2. deildar í tvo riðla sem spila heima og að heiman, þrjá leiki fyrir áramót og þrjá leiki eftir áramót.

Í A riðli spiluðu um veturinn eftirfarandi lið:

KR B  
Víkingur F  
KR D

Í B riðli spiluðu um veturinn eftirfarandi lið:

KR C  
HK A  
Víkingur E  
KR E

Keppni í 1. deild kvenna hófst 10. október með leik Víkinga og KR B.

Pepsi stigamót Víkinga fór fram í TBR húsinu 13. október. Í meistaraflokkki karla sigraði Magnús K Magnússon Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Jóhann Bjarnason Víkingi. Í 2. flokki karla sigraði Arnór Hlynsson HK. Í 2. flokki kvenna sigraði Hrefna Finnsdóttir HK og í eldri flokki karla sigraði Pétur Ó Stephensen.

Annað mótið í Aldursflokkamótaröð vetrarins fór fram sunnudaginn 14. október 2012 á vegum Víkinga í TBR húsinu. Keppt var í 5 flokkum og komu fjölmargir keppendur frá fjórum félögum, Víkingi, KR, HK og BH. Í flokki 12 ára og yngri sigraði Kári Ármannsson KR. Í flokki stúlkna 12 ára og yngri sigraði Ólöf Ólafsdóttir KR. Í flokki drengja 13-15 sigraði Breki Þórðarson KR. Í

flokki stúlkna 13-15 ára sigraði Kolfinna Bjarnadóttir HK og í flokki drengja 16-18 ára sigraði Jóhann Bjarnason Víkingi.

Í október fór fram Evrópumótið í einstaklingskeppni í Herning, Danmörku. Fyrir Íslands hönd kepptu á mótinu þeir Magnús K Magnússon Víkingi og Kári Mímisson KR. Ekki vannst leikur í mótinu en nokkrar lotur. Með í för var landsliðsþjálfarinn Bjarni Bjarnason og þingfulltrúi ETTU Ingimar Ingimarsson. Timo Boll Þýskalandi varð Evrópumeistari karla og Viktoria Pavlovich frá Hvíta Rússlandi varð Evrópumeistari kvenna. Í tvíliðaleik karla sigruðu þeir Gardos og Habesohn frá Austurríki. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu þær Dodean/Samara frá Rúmeníu.

Þann 28. október fór fram fjölmennasta mótið í unglíngamótaröð BTÍ fram að því í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Á sjötta tug keppenda tóku þátt í mótinu frá BH, Dímon, Garpi, Heklu, HK, KR og Víkingi. Ekki höfðu áður komið fram keppendur frá Heklu á styrkleikalistanum í borðtennis. KR sigraði í þremur flokkum og Dímon í þremur. KR-ingarnir Breki Þórðarson og Kári Ármannsson unnu sitt þriðja mót í unglíngamótaröðinni og Ólöf Sólveig Ólafsdóttir úr KR sitt annað mót. Nýir sigurvegarar voru í hinum þremur flokkunum: Auður Erla Gunnlaugsdóttir úr Dímon sigraði í flokki stelpna 13-15 ára, Hólmfríður María Þórarinsdóttir úr Dímon í flokki stúlkna 16-18 ára og Sigurður Borgar Ólafsson úr Dímon vann drengjaflokk 16-18 ára.

Fyrsti leikurinn í 2. deild karla með nýju fyrirkomulagi fór fram 29. október þegar KR liðin mættust innbyrðis.

### ***Nóvember 2012***

Á stjórnarfundum BTÍ þann 8. nóvember sl. var gerð breyting á 13. gr. reglugerðar um flokkakeppni BTÍ. Var breytingin til komin vegna frestana á leikjum í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla, sem allt of mikið hafði verið af keppnistímabilinu. Frestun á leik er neyðarúrræði sem aðeins á við í undantekningartilvikum. Jafnframt var gerð breyting á reglugerð um borðtennismann og konu ársins.

Þann 12. nóvember 2012 varð Borðtennissamband Íslands 40 ára. Í tilefni afmælisins voru ekki innheimt þátttökugjöld fyrir þjálfaranámskeið ITTF.

Föstudaginn 9. nóvember fór árlegt héraðsmót HSK í borðtennis fram á Hvolsvelli. Keppendur voru 76 talsins, og var keppt í aldursflokkum frá 11 ára og yngri upp í 40 ára og eldri. Keppendur komu frá Íþróttafélaginu Dímon, Íþróttafélaginu Garpi, Ungmennafélaginu Heklu og Ungmennafélagi Skeiðamanna.

Kjartansmót KR í borðtennis fór fram í Frostaskjólínu 17. nóvember. Kjartan Briem KR, sem mótið er kallað eftir, og Davíð Jónsson KR, sigruðu Daða Frey Guðmundsson og Magnús K. Magnússon úr Víkingi 2-1 í úrslitum í karlaflokki. Synir Kjartans, Stephan og Benedikt, sigruðu í liðakeppni hnokka 11 ára og yngri. Í liðakeppni kvenna sigruðu Aldís Rún Lárusdóttir og Ásta Urbancic úr KR Hrefnu N. Finnsdóttur og Kolfinnu Bergþóru Bjarnadóttur úr HK 2-0 í úrslitum. Í liðakeppni táta sigruðu þær Katla Tjörvadóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir úr KR. Í liðakeppni pílta 12-13 ára sigruðu þeir Guðjón Páll Tómasson og Kári Ármannsson KR. Í liðakeppni telpna 12-13 ára sigruðu þær Ársól Árnadóttir og Ólöf Sólveig Ólafsdóttir KR. Í liðakeppni sveina 14-15 ára sigruðu þeir Erlendur Guðmundsson og Magnús Jóhann Hjartarsson Víkingi. Í liðakeppni meyja 14-15 ára sigruðu þær Birta Rún Grétarsdóttir og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir HK og í liðakeppni drengja 16-18 ára sigruðu þeir Jóhann Emil Bjarnason og Stefán Ingi Árnason Víkingi.

Þann 18. nóvember fór fram punktamót í KR heimilinu við Frostaskjól. Í meistaraflokki karla sigraði Davíð Jónsson KR og meistaraflokki kvenna Aldís Rún Lárusdóttir KR. Í 1. flokki karla sigraði Jóhannes Bjarki Tómasson KR og í 1. flokki kvenna Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í 2. flokki karla sigraði Breki Þórðarson KR og í 2. flokki kvenna Sigurjóna Hauksdóttir BH.

Fjórða mótið í unglíngamótaröðinni fór fram í TBR-Íþróttahúsinu sunnudaginn 25. nóv 2012. Keppendur komu frá félögunum Víkingi, KR, HK og BH. Í flokki drengja 12 ára og yngri sigraði Kári Ármannsson KR. Í flokki stúlkna 12 ára og yngri sigraði Sveina R Sigurðardóttir KR. Í flokki drengja 13-15 ára sigraði Breki Þórðarson KR. Í flokki stúlkna 16-18 ára sigraði Eyrún Elíasdóttir og í flokki drengja 16-18 ára sigraði Skúli Gunnarsson KR.

Þann 24. og 25. var haldið námskeið hjá UMF Samherja í Eyjafirði (Hrafnagilsskóli) og UMF Magna á Grenivík. Æfingarnar annaðist Bjarni Þ Bjarnason landsliðsþjálfari.

Kári Mímisson lék í fyrsta skipti með aðalliði Ása í sænsku 1. deildinni í borðtennis.

### **Desember 2012**

Grand Prix mót HK fór fram í Íþróttamiðstöðinni við Fagralund í Kópavogi sunnudaginn 2. desember. Í opnum flokki karla sigraði Ársæll Aðalsteinsson úr Víkingi og í opnum flokki kvenna varð Aldís Rún Lárusdóttir úr KR sigurvegari. Víkingurinn Jóhann Emil Bjarnason sigraði í B-keppni karla.

Nings mót Víkings í borðtennis fór fram í Íþróttahúsi TBR laugardaginn 8. desember 2012. Keppendur komu frá félögunum Víkingi, KR, HK og Akri. Í meistaraflokki karla sigraði Daði Freyr Guðmundsson, Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Pétur Marteinn Tómasson, KR. Í 2. flokki karla sigraði Jóhann Emil Bjarnason, Víkingi. Í 2. flokki kvenna sigraði Ársól Arnardóttir, KR. Í eldri flokki karla sigraði Pétur Ó. Stephensen Víkingi.

Bjarni Þ. Bjarnason landsliðsþjálfari valdi landsliðshópin fyrir árið 2012-13 vegna þeirra verkefna sem BTÍ hafði ákveðið að taka þátt í sem voru HM einstaklinga í París 13.-20. maí og Smáþjóðaleikarnir í Luxemborg 27. maí til 1. júní.

Eftirtaldir leikmenn skipuðu hópana:

### **A landsliðshópur karla:**

Adam Harðarson  
Ársæll Aðalsteinsson  
Breki Þórðarson  
Daði Freyr Guðmundsson  
Davíð Jónsson  
Einar Geirsson  
Emil Ohlson  
Guðmundur Stephensen  
Gunnar Snorri Ragnarsson  
Jóhann Emil Bjarnason  
Kári Mímisson  
Magnús K. Magnússon  
Óli Páll Geirsson  
Pétur Marteinn Tómasson

## **A landsliðshópur kvenna:**

Aldís Lárusdóttir  
Bergrún Linda Björgvinsdóttir  
Eyrún Elíasdóttir  
Eva Josteinsdóttir  
Guðrún Björnsdóttir  
Hrefna Namfa Finnsdóttir  
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir  
Lilja Rós Jóhannesdóttir  
Sigrún Ebba Tómasdóttir

Guðmundur Stephensen Víkingi/Enjoy deploy Zoetermeer og Lilja Rós Jóhannesdóttir Víkingi hafa verið kosin borðtennismaður og borðtenniskona ársins 2012.



Milli jóla og nýárs héldu þeir Guðmundur Stephensen og Davíð Jónsson æfingabúðir í TBR húsinu. Voru æfingabúðirnar opnar fyrir börn og unglina úr öllum félögum og fengu þau þarna kærkomið tækifæri til að æfa saman. Haldnar voru fjórar æfingar dagana 27. til 30. desember og voru æfingar sniðnar að getu hvers og eins þátttakanda. Farið var yfir grunnatriði og tækniæfingar. Þátttakendur voru frá KR, BH, Víkingi og HK. Á lokadegi æfingabúðanna var haldið mót og veitt verðlaun.

### ***Janúar 2013***

Seinni hluti keppni í 1. deild karla og kvenna hófst 9. janúar og 2. deild karla 15. janúar. Þann 12. janúar var svo haldið fyrsta mót ársins, Víkings stigamótið. Í meistaraflokki karla sigraði Magnús K Magnússon Víkingi. Í 1. flokki karla Daníel Bergmann Víkingi og 1. flokki kvenna Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í eldri flokki karla Guðmundur Halldórsson Fjölni.

Fimmta unglingsmótið í unglingsmótaröð BTÍ fór fram í KR-heimilinu við Frostaskjól þann 19. janúar. Í tveimur flokkum sigruðu þeir sömu og hafa sigrað á öllum hinum mótunum í mótaröðinni, þeir Kári Ármannsson úr KR og Breki Þórðarson úr KR. Sveina Rósa Sigurðardóttir úr KR sigraði í flokki stelpna 12 ára og yngri, Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK í flokki stelpna 13-15 ára og Jóhann Emil Bjarnason úr Víkingi vann drengjaflokk 16-18 ára. Keppendur voru tæplega 60 talsins frá BH, Dímon, Heklu, HK, KR og Víkingi.

Sama dag fór fram Grand Prix mót KR. Komu keppendur frá HK, KR og Víkingi. Magnús K.



Magnússon úr Víkingi sigraði í opnum flokki karla og Aldís Rún Lárusdóttir KR í opnum flokki kvenna. Í B keppninni sigraði Skúli Gunnarsson KR.

Reykjavík International games voru haldnir af hálfu Víkinga í TBR húsinu 26. janúar. 21 leikmenn tóku þátt í karlaflokki en þar sigraði Guðmundur Stephensen Víkingi liðsfélaga sinn úr hollensku deildinni Nathan Van der Lee í úrslitaleik. Í kvennaflokki tóku þátt 5 leikmenn og sigraði þar Aldís Rún Lárusdóttir KR Guðrúnu Björnsdóttur KR

Þann 28. janúar sl. var haldið námskeið hjá UMF Æskunni á Svalbarðseyri í Valsársskóla og þann 30. janúar var haldið námskeið hjá UMF í Hvalfjarðarsveit (Leirárskóli). Námskeiðin annaðist Bjarni Þ Bjarnason landsliðsþjálfari. Námskeiðin voru haldin fyrir börn í 1-10 bekk grunnskólanna á svæðunum og voru upp í sextíu krakkar á námskeiði. Fyrir og eftir námskeiðin var dreift bæklingnum "Borðtennis fyrir alla" sem Bjarni útbjó sérstaklega fyrir þessi námskeið. Á námskeiðunum hefur hann einnig kynnt fyrir leiðbeinendum helstu undirstöðuatriði þjálfunar. Hvalfarðarsveit var á síðari hluta síðustu aldar vagga borgfiskrar borðtennismenningar.

Í mánuðinum varð Kolfinna Bjarnadóttir HK fyrst til að klára 1. stigs þjálfaranámskeiðs ITTF af þeim sem þátt tóku í námskeiðinu í september 2012.

### **Febrúar 2013**

2. flokks mót ÍFR fór fram þann 2. febrúar í íþróttahúsi ÍFR í hátúni. Í karlaflokki sigraði Jóhann Rúnar Kristjánsson úr Nesi og í kvennaflokki Áslaug Hrönn Reynisdóttir ÍFR.

Unglingalandsliðsæfingar hófust að nýju þann 8. febrúar í Fagralundi í Kópavogi. Æfingahópurinn var eftirfarandi:

<b>KR</b>	<b>fæðingarár</b>
Pétur Gunnarsson	95
Skúli Gunnarsson	96
Breki Þórðarson	98
Dagur Benjamin Kjartansson	98
Bjarni Thor Kárason	99
Guðjón Páll Tómasson	00
Kári Ármannsson	01

<b>HK</b>	<b>ár</b>
Björn Gunnarsson	95
Hrefna Namfa Finnsdóttir	96
Kolfinna Bjarnadóttir	99
Adrián Héðinsson Gonzales	98

<b>Víkingur</b>	<b>ár</b>
Jóhann Emil Bjarnason	97
Magnús Jóhann Hjartarson	98
Erlendur Guðmundsson	98

<b>BH</b>	
Magnús Gauti Úlfarsson	00
Andri Freyr Tómasson	00

Helgina 9.-10. febrúar héldu Víkingarnir Daði Freyr Guðmundsson og Magnús Finnur Magnússon æfingabúðir í TBR húsinu. Sömu helgi fóru fram æfingabúðir fyrir stelpur í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Þær æfingabúðir voru í umsjá Auðar Tinnu Aðalbjarnardóttur, Einars Geirssonar og Jóhannesar Bjarka Tómassonar.

Grand Prix mót rafvörumarkaðarins fór fram í TBR húsinu 16. febrúar. Komu keppendur frá Víkingi, KR, HK og Akri. Í opnum flokki karla sigraði Magnús K Magnússon Víkingi og í opnum flokki kvenna sigraði Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í B keppni karla sigraði Magnús Hjartarsson Víkingi.

Þann 17. febrúar fór fram flokkakeppni unglunga í Frostaskjóli. Komu þátttakendur frá BH, HK, KR og Víkingi. KR sigraði í öllum þremur flokkum drengja. HK sigraði í flokki meyja 15 ára og yngri og sameiginlegt lið HK og Víkings vann í flokki ungmenna stúlkna 19-21 árs. Keppni féll niður í flokki stúlkna 16-18 ára.

Landsliðsæfingar fullorðinna fóru fram 21. og 22. febrúar.

Unglingamót HK fór fram í Snælandsskóla 23. febrúar. Þátttakendur komu frá BH, Dímon, HK, KR og Víkingi. Þetta var jafnframt 6. og síðasta unglingamótið í unglingamótaröð BTÍ árið 2012-2013. Breki Þórðarson og Kári Ármannsson úr KR sigruðu í sínum flokkum eins og á hinum fimm aldursflokkamótunum. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK sigraði í sínum flokki en hún sigraði á öllum fimm mótunum sem hún tók þátt í. Ólöf Sólveig Ólafsdóttir, sem í mánuðinum gekk til liðs við BH vann í flokki stelpna 12 ára og yngri og var þetta þriðji sigur hennar á mótaröðinni. Björn Gunnarsson úr HK var eini þáttakandinn sem mætti til leiks í flokki drengja 16-18 ára.

### **Mars 2013**

Íslandsmót fullorðinna fór fram í TBR húsinu helgina 2-3 mars. Guðmundur Eggert Stephensen og Eva Josteinsdóttir úr Víkingi urðu bæði þrefaldir Íslandsmeistarar í meistaraflokki. Sá einstaki atburður varð að Guðmundur sigraði tuttugasta árið í röð í einliðaleik í Meistaraflokki karla. Sá viðburður varð einnig að þarna lék Kristján Jónasson Víkingi á sínu 40. Íslandsmóti. Í ár voru keppendur 108 frá HK, Fjölni, Erninum, ÍFR, Dímon, KR, Nes, Víkingi, Akri og BH. Umgjörð mótsins í ár var öll hin glæsilegasta og fleiri áhorfendur nú en undanfarin ár. Í meistaraflokki karla sigraði Guðmundur E Stephensen Víkingi. Í meistaraflokki kvenna Eva Josteinsdóttir Víkingi. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur E Stephensen og Magnús K Magnússon Víkingi. Í tvíliðaleik kvenna sigruðu Eva Josteinsdóttir og Lilja Rós Jóhannesdóttir Víkingi. Í tvenndarkeppninni sigruðu Guðmundur E Stephensen og Eva Josteinsdóttir. Í 1. flokki karla sigraði Pétur Marteinn Tómasson KR. Í 1. flokki kvenna sigraði Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í 2. flokki karla sigraði Björn Gunnarsson HK og í 2. flokki kvenna sigraði Rannveig Harðardóttir Víkingi.

Þann 3. mars hélt Dímon æfingabúðir fyrir stelpur á Hellu. mættu um 20 stelpur á æfingarbúðirnar.

Þann 4. mars var A lið KR í 1. deild karla krýnt deildarmeistari þegar liðið sigraði Víking A. Vann KR A alla leiki sína um veturinn.

Þann 7. mars var kvennalið Víkinga krýnt deildarmeistari í 1. deild kvenna þegar það sigraði lið

KR A. Vann Víkingsliðið alla leiki sína um veturinn 3-0 eins og árið á undan fyrir utan þennan eina sem þær unnu 3-1. Þær Lilja og Eva hafa haft yfirburði í tvíliðaleik á Íslandi allt frá árinu 1995.

Helgina 9.-10. mars fóru fram æfingabúðir í borðtennis í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli á vegum KR og Dímon. Æfingabúðirnar voru aðallega fyrir stráka en nokkrar áhugasamar stelpur tóku líka þátt. Nokkrir eldri leikmenn mættu líka og æfðu með krökkunum. Þátttakendur voru um 30 talsins og komu frá BH, Dímon, Heklu og KR


Þann 14. mars fór fram fyrri úrslitaleikurinn í 1. deild kvenna þegar mættust lið KR A og Víkings. Sigraði Víkingur leikinn 3-0.

Heiðurshjónin Ásta Laufey Sigurðardóttir og Ólafur Elí Magnússon á Hvolsvelli voru heiðruð með silfurmerki ÍSÍ fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar á ársþingi HSK. Þau Ásta Laufey og Ólafur Elí hafa verið burðarásar í uppbyggingu borðtennis hjá Dímon á Hvolsvelli, eins og mörgum borðtennisiðkendum er kunnugt.

Íslandsmót unglinga fór fram í KR húsinu við Frostaskjól helgina 16.-17. mars. Í einliðaleik hnokka 11 ára og yngri sigraði Ísak Indriði Unnarsson Víkingi. Í einliðaleik táta 11 ára og yngri sigraði Sveina Rósa Sigurðardóttir KR. Í einliðaleik pilta 12-13 ára sigraði Guðjón Páll Tómasson KR. Í einliðaleik telpna 12-13 ára sigraði Sigurjóna Hauksdóttir BH. Var þetta fyrsti Íslandsmeistaratitill BH á Íslandsmóti. Í tvíliðaleik pilta 13 ára og yngri sigruðu Guðjón Páll Tómasson og Kári Ármannsson KR. Í tvíliðaleik telpna 13 ára og yngri sigruðu Ársól Arnarsdóttir og Sveina Rósa Sigurðardóttir KR. Í einliðaleik sveina 14-15 ára sigraði Magnús Jóhann Hjartarsson Víkingi. Í einliðaleik meyja 14-15 ára sigraði Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í tvíliðaleik sveina 14-15 ára sigruðu Erlendur Guðmundsson og Magnús Jóhann Hjartarsson Víkingi. Í tvenndarkeppni 15 ára og yngri sigruðu þau Adrian Héðinsson Gonzales og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK. Í tvenndarkeppni 16-18 ára sigruðu þau Skúli Gunnarsson KR og Bergrún Linda Björgvinsdóttir Dímon. Í tvíliðaleik drengja 16-18 ára sigruðu þeir Pétur og Skúli Gunnarssynir. Í tvenndarkeppni 19-21 árs sigruðu þau Jóhannes Bjarki Tómasson og Auður Tinna Aðalbjarnadóttir KR. Í einliðaleik drengja 16-18 ára sigraði Skúli Gunnarsson KR. Í einliðaleik stúlkna 16-18 ára sigraði Bergrún Linda Björgvinsdóttir Dímon. Í einliðaleik ungmenna 19-21 árs sigraði Jóhannes Bjarki Tómasson KR. Í einliðaleik ungmenna stúlkna 19-21 árs sigraði Eyrún Elíasdóttir Víkingi. Í tvíliðaleik ungmenna 19-21 árs sigruðu þeir Jóhannes Bjarki Tómasson og Tómas Ingi Shelton KR. Í tvíliðaleik stúlkna 14-21 árs sigruðu þær Hrefna Namfa Finnsdóttir og Kolfinna Bjarnadóttir HK.

Borðtennissamband Íslands  
Leikskýrsla

Borðtennissamband Íslands  
Þróttarniðstöðinni Laugadal  
104 Reykjavík  
www.bordtennis.is



CIRILLIARUKA NR 2

	Lið	Dags.		Mót	1. Deild Kvenna
A	KR A			Staður	TBR
X	VÍKA	Umferð			

		Nöfn heimalið		Nöfn gestalið	1 lota	2 lota	3 lota	4 lota	5 lota	Keppnisstaða
1	A	Aldis	X	Lilja	4-16	6-11	11-8	6-11		0-1
2	B	Susanna	Y	Eva	13-11	6-11	6-11	7-11		0-2
3	Tviliðal	Guðrún/Aldis	Tviliðal	Lilja/Eva	3-11	4-11	6-11			0-3
4	A		Y							
5	B		X							

Dómari Pétur Marteinn Tómasson  
Ath.

Fyrirlíði heimaliðs <u>APL</u>	Úrslit <span style="border: 1px solid black; padding: 5px; display: inline-block;">0-3</span>	Fyrirlíði gestaliðs
-----------------------------------	--	---------------------

Þann 19. mars fór fram síðari úrslitaleikurinn milli KR A og Víkinga í 1. deild kvenna. Vann Víkingur leikinn 3-0 og varð því Íslandsmeistari í 1. deild kvenna 2012-2013.

Þann 23. mars fór fram Íslandsmót öldunga í TBR húsinu. Þátttakendur komu frá Akri, HK, ÍFR, KR, Nes, Víkingi og Erninum. Íslandsmeistaratitlarnir skiptust á milli félaganna og fóru titlar til KR (3), Arnarins (2,5), Víkinga (2,5), HK (1,5) og Akurs (0,5). Flestir meistaranna frá árinu á undan mættu til leiks til að freista þess að verja titla sína og það tókst í mörgum tilfellum. Ásta Urbancic, KR, Bjarni Þ. Bjarnason, HK, Elísabet Ólafsdóttir, KR og Kristján Jónasson, Víkingi unnu tvöfalt á mótinu. Í tvíliðaleik karla 40-49 ára sigruðu þeir Bjarni Þ Bjarnason HK og Helgi Þór Gunnarsson Akri. Í tvíliðaleik kvenna 40-49 ára sigruðu þær Ásta Urbancic og Elísabet Ólafsdóttir. Í tvíliðaleik karla 50-59 ára sigruðu þeir Hjarti Magni Jóhannsson og Kristján Jónasson Víkingi. Í tvíliðaleik karla 60-69 ára sigruðu þeir Pétur Stephensen og Ólafur H. Ólafsson Víkingi. Í einliðaleik karla 40-49 ára sigraði Bjarni Þ Bjarnason HK. Í einliðaleik karla 50-59 ára sigraði Kristján Jónasson. Í einliðaleik kvenna 50-59 ára sigraði Ásta Urbancic KR. Í einliðaleik karla 60-69 ára sigraði Jónas Marteinnsson Erninum. Í einliðaleik karla 70 ára og eldri sigraði Jóhann Örn Sigurjónsson Erninum.

Þann 24. mars fóru fram úrslit Grand Prix mótaráðarinnar. Í karlaflokki unnu sér þátttökurétt Magnús K. Magnússon Víkingur 1

Daði Freyr Guðmundsson Víkingur 2

Einar Geirsson KR 3

Jóhannes Bjarki Tómasson KR 4

Gunnar Snorri Ragnarsson KR 5.-6.

Pétur Marteinn Tómasson KR 5.-6.  
Davíð Teitsson Víkingur 7  
Davíð Jónsson KR 8

Ársæll Aðalsteinsson var í 3. sæti en afþakkaði boð á mótið og hliðruðust því allir fyrir neðan upp um eitt sæti. Davíð Jónsson og Breki Þórðarson höfðu jafnmörg stig en peningi var kastað og fékk Davíð þátttökuréttinn.

Konur:

Aldís Rún Lárusdóttir KR 1  
Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir HK 2  
Eva Josteinsdóttir Víkingur 3  
Eyrún Elíasdóttir Víkingur 4  
Hrefna Namfa Finnsdóttir HK 5  
Rannveig Harðardóttir Víkingur 6

Grand Prix meistari karla varð Magnús K Magnússon Víkingi og Grand Prix meistari kvenna Aldís Rún Lárusdóttir KR.

Þann 25. mars mættust í Frostaskjólínu lið KR B og KR C í úrslitaleik 2. deildar karla. Leiknum lauk með 4-3 sigri C-liðsins í leik sem tók á fjórðu klukkustund. M.a. mættust tvö bræðrapör og í báðum tilfellum unnu yngri bræðurnir þá eldri í oddalotu. Lið KR C var skipað þeim Tómasi Inga Shelton, Ingimari Ingimarssyni, Skúla Gunnarssyni og Jóhannesi Bjarka Tómassyni.

Nýrri síðu var hleypt í loftið á vef sambandsins í mars mánuði. Ber síðan heitið dómarahornið. Á síðunni er nú íslensk þýðing á reglum ITTF í borðtennis (e. the laws of table tennis) úr handbók ITTF 2012/2013 og einnig íslensk þýðing á glærum sem notaðar eru á 1. og 2. stigs dómaramámskeiði ITTF. Heiðurinn að þessum þýðingum á borðtennismaðurinn Ársæll Aðalsteinsson úr Víkingi.



Apríl 2013.



Lokamót Unglingamótaraðarinnar var haldið í Frostaskjólínu 6. apríl. Til mótsins var boðið 8 stigahæstu leikmönnum í þremur aldursflokkum drengja og stúlkna. Sigurvegararnir fengu vegleg verðlaun og allir þátttakendur á mótinu fengu viðurkenningu. Þau sem sigruðu voru Ólöf Sólveig Ólafsdóttir, BH í flokki stelpna 12 ára og yngri, Kári Ármannsson, KR, í flokki stráka 12 ára og yngri, Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK, í flokki stelpna 13-15 ára, Breki Þórðarson, KR, í flokki stráka 13-15 ára, Hrefna Namfa Finnsdóttir, HK, í flokki stúlkna 16-18 ára og Pétur Gunnarsson, KR, í flokki drengja 16-18 ára.



Bikarkeppni BTÍ var einnig leikin í KR-heimilinu við Frostaskjól þann 6. apríl, en síðast var leikið í keppinni árið 1995. Lið samanstendur af a.m.k. tveimur körlum og einni konu, sem öll



eru í sama félagi. 8 lið tóku þátt í keppninni, 6 frá KR, eitt frá Dímon og eitt frá Víkingi. Í úrslitum vann Víkingur 7-0 sigur á liðinu KR-Merðir.

Þriðjudaginn 9. apríl stóð BTÍ fyrir kynningu í Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi að beiðni Ungmennafélags Staðarsveitar. Landsliðþjálfarinn Bjarni stjórnaði för og fékk góðan liðsstyrk í landsliðsmanninum Davíð Jónssyni.

Þann 11. apríl mættust lið KR A og Víkings A í fyrri úrslitaleiknum í 1. deild karla í TBR húsinu. Réðust úrslitin í oddalotu í sjöunda leiknum þegar Magnús Finnur Magnússon lagði Kjartan Briem að velli. Síðari úrslitaleikurinn fór svo fram í KR húsinu við Frostaskjól þann 15. apríl. Þann leik unnu Víkingar 4-0 og tryggðu sér þar með Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild karla 2012-2013. Í sigurliði Víkings voru þeir Magnús K Magnússon, Daði Freyr Guðmundsson og Magnús Finnur Magnússon. Þjálfari liðsins í deildarkeppninni var Guðmundur Stephensen.

Landsliðsæfing fullorðinna var haldin 20. apríl.

Árlegt punktamót Dímonar á sumardaginn fyrsta fór fram í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli 25. apríl. Keppendur voru um 50 talsins frá BH, Dímoni, HK, KR, Ungmennafélaginu Eyfellingi, Ungmennafélaginu Heklu og Víkingi. Leikið var í 2. flokki karla og kvenna. Í 2. flokki karla sigraði Tómas Ingi Shelton úr KR. Í 2. flokki kvenna sigraði Íslandsmeistarinn Ólafía B. Ásbjörnsdóttir úr Dímon.

Þann 27. apríl 2013 fór fram Coca Cola mót Víkings í TBR húsinu. Var þetta síðasta mót keppnistímabilsins. Keppt var í 7 flokkum, meistaraflokki karla og kvenna, 1. flokki karla og kvenna, 2. flokki karla og kvenna og eldri flokki karla. Fjölmargir keppendur komu frá félögum Víkingi, KR, HK og BH. Í meistaraflokki karla sigraði Magnús K Magnússon Víkingi. Í meistaraflokki kvenna Eva Josteinsdóttir Víkingi. Í 1. flokki karla sigraði Magnús Hjartarson Víkingi. Í 1. flokki kvenna Kolfinna Bjarnadóttir HK. Í 2. flokki karla sigraði Björn Gunnarsson HK og í 2. flokki kvenna sigraði Ársól Arnardóttir KR. Í eldri flokki karla sigraði Jónas Marteinson.

### ***Mái 2013***

Þann 9. maí varð Guðmundur Stephensen Hollandsmeistari með liði sínu Taverzo Enjoy Deploy. Vann liðið FVT Visser van der Ham 4-1.

Heimsmeistaramótið í einstaklingskeppni fór fram í París 13.-20. maí. Ísland sendi karlalið á mótið skipað þeim Magnúsi K Magnússyni, Kára Mímíssyni og Davíð Jónssyni ásamt landsliðsþjálfara Bjarna Þ Bjarnasyni. Þingfulltrúi og fararstjóri var Sigurður Valur Sverrisson formaður. Magnús K Magnússon var í undariðli nr. 45 með þeim Nuytinck Cedric frá Belgíu og Arnachellum Allan frá Míritíus. Kári Mímísson var í undanriðli 83 með Gabroski Petko frá Búlgaríu og Persolja Ludvik frá Slóveníu. Davíð Jónsson var í undanriðli nr. 84 með þeim Timothy Wang frá Bandaríkjunum og Ismayilov Farhad frá Azerbadjan. Í tvíliðaleik drógust þeir Kári Mímísson og Davíð Jónsson gegn pari frá Macau, þeim Chang hoi Wa og Leong Kin Wa. Aðeins einn leikur vannst á mótinu en þann leik vann Magnús K Magnússon gegn Arnachellum Allan frá Míritíus. Tvíliðaleikur þeirra Kára og Davíðs tapaðist í oddalotu. Kínverjar unnu þrjá heimsmeistaratitla af fimm, sem keppt var um á HM í París í síðustu viku. Það þarf að fara aftur til ársins 1993 til að finna heimsmeistaramót þar sem Kínverjar unnu ekki fjóra eða fimm heimsmeistaratitla.

Kínverjar sigruðu í einliðaleik karla og kvenna og í tvíliðaleik kvenna. Í tvíliðaleik karla sigraði þar frá Taiwan og í tvenndarkeppni þar frá Norður-Kóreu.

Í einliðaleik karla sigruðu Kínverjar fjórfalt og varði heimsmeistarinn frá 2011, Zhang Jike titilinn sinn. Hann sigraði Wang Hao 4-2 í úrslitaleik, svo enn einu sinni þurfti Wang Hao að sætta sig við silfurverðlaun á stórmóti. Hann getur þó huggað sig við titilinn sinn á HM í einliðaleik frá 2009. Ma Long og Xu Xin fengu bronsið.

Í einliðaleik kvenna var krýndur nýr heimsmeistari, því Li Xiaoxia sigraði sitjandi meistara, Ding Ning, í undanúrslitum. Hún vann svo Liu Shiwen 4-2 í úrslitaleik. Zhu Yuling fékk hin bronsverðlaunin og eins og í karlaflokki unnu Kínverjar fjórfalt.

Í tvíliðaleik karla komu þeir Chen Chien-An og Chuang Chih-Yuan frá Taiwan á óvart með að vinna sigur, en þeim var raðað nr. 7. Þeir lögðu Kínverjana Ma Lin og Hao Shuai 4-2 í úrslitum. Þetta var fyrsti heimsmeistaratitill Taiwan í borðtennis.

Í tvíliðaleik kvenna urðu Kínverjarnir Li Xiaoxia og Gue Yuo heimsmeistarar í þriðja skiptið í röð og Li vann þar með tvöfalt á mótinu. Þær lögðu löndur sínar Ding Ning og Liu Shiwen 4-1 í úrslitaleiknum.

Í tvenndarleik voru óvæntir sigurvegarar Kim Hyok Bong og Kim Jong frá Norður-Kóreu. Norður-Kórea hefur tvisvar áður unnið heimsmeistaratitil í borðtennis, 1975 og 1977. Þau sigruðu Lee Sangsu og Park Youngsook frá Suður-Kóreu 4-2 í úrslitum.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í Lúxemborg 28. maí til 4. júní. Íslenskt kvennalið var sent á leikana skipað þeim Aldísi Rún Lárusdóttur og Evu Josteinsdóttur. Ekki var sent karlalið á leikana. Ísland heldur leikana árið 2015 og er mikilvægt að við vöndum til verka varðandi borðtennis á leikunum. Er því í sér kafla í ársskýrslu starfsskýrsla til ÍSÍ vegna leikanna þar sem er að finna upplýsingar um framgang leikanna í Lúxemborg.

### **Júní 2013**

Í júní tilkynnti landsliðsþjálfari þau lið sem þátt taka fyrir Íslands hönd í liðakeppni Arctic Championship í júlí. Liðin voru valin svo:

#### **Karlar**

##### **A-lið**

Daði Freyr Guðmundsson  
Gunnar Snorri Ragnarsson  
Kári Mímisson  
Magnús K. Magnússon

##### **B-lið**

Einar Geirsson  
Jóhannes Bjarki Tómasson  
Magnús Finnur Magnússon  
Óli Páll Geirsson

#### **Konur**

##### **A-lið**

Aldís Rún Lárusdóttir  
Eva Josteinsdóttir  
Fríður Rún Sigurðardóttir

Lilja Rós Jóhannesdóttir

### B-lið

Eyrún Elíasdóttir

Hrefna Namfa Finnsdóttir

Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

Sigrún Ebba Tómasdóttir

*Júlí 2013*

# ARCTIC TT CHAMPIONSHIP

REYKJAVIK 2013  
JULY  
4<sup>th</sup>-7<sup>th</sup> ICELAND

Arctic Championship var haldið á Íslandi dagana 4-7. júlí. Í undirbúningsnefnd mótsins voru þau Sigurður Valur Sverrisson, Ingimar Ingimarsson, Aldís Rún Lárusdóttir, Ásta Urbancic, Einar Geirsson og Finnur Hrafn Jónsson. Óhætt er að segja að mótið hafi heppnast vel en í liðakeppninni voru lið Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Jótlandi í Danmörku. Voru 6 lið í karlaflokki þar af 2 frá Íslandi og í 5 lið í kvennaflokki, þar af 2 frá Íslandi. Liðakeppnin fór fram á fimmtudeginum og föstudeginum 4. og 5. júlí tvenndarleikur og tvíliðaleikur á laugardeginum 6. júlí og einliðaleikur á sunnudeginum 7. júlí. Í tvenndarleik og tvíliðaleik þurfti að vinna 3 lotur en í einliðaleik 3 í riðlum en 4 í útslætti. Erlendu leikmennirnir komu flestir til landsins 3. júlí og gistu allir á Hótel 66 á Grensásvegi sem kom sér vel þar sem hótelið var í göngufæri frá TBR húsinu þar sem mótið var haldið. Flutninginn annaðist Iceland Excursions sem gerði það með sóma en borðtennismaðurinn Sölvi Rúnar Pétursson aðstoðaði BTÍ með flutningana. Fengu þátttakendurnir afhentan upplýsingabækling við komu sína til landsins. Höfundar bæklingins voru þær Aldís Rún Lárusdóttir og Ásta Urbancic en yfirumsjón með mótaforritinu Tournamentplanner hafði Einar Geirsson.



Magnús K. Magnússon var sigursælasti leikmaður Arctic mótsins. um síðustu helgi. Magnús sigraði í einliðaleik, tvíliðaleik ásamt Daða Frey Guðmundssyni og í liðakeppni með félagum sínum í A-liði Íslands. Þá fékk Magnús silfur í tvenndarleik þar sem hann lék með Lilju Rós

Jóhannesdóttur. Daði Freyr Guðmundsson fékk líka fern verðlaun, þar af tvö gull, silfur í einliðaleik og brons í tvenndarleik, þar sem hann lék með Evu Josteinsdóttur. Eva Josteinsdóttir og Lilja Rós Jóhannesdóttir fengu líka fern verðlaun hvor. Þær sigruðu í tvíliðaleik kvenna og voru í silfurliði Íslands-A í liðakeppni. Eva fékk silfur í einliðaleik og brons í tvenndarleik en Lilja silfur í tvenndarleik og brons í einliðaleik.

Færeyska stúlkan Henrietta Nielsen var sigursælust erlendu keppendanna. Hún sigraði í einliðaleik og tvenndarkeppni ásamt Halli Thorsteinssyni. Hún fékk svo brons í tvíliðaleik með Duritu Jensen en rétt missti af verðlaunum í liðakeppni, þar sem færeysku stúlkurnar höfnuðu í 4. sæti með jafnmarga vinninga og þær grænlenSKU.

## **Verðlaunahafar**

### Liðakeppni kvenna

1. Jótland (Anne-Sophie Andersen, Emilija Jonciauskaite, Ida G. Nielsen, Mette L. Sørensen)
2. Ísland-A (Aldís Rún Lárusdóttir, Eva Josteinsdóttir, Lilja Rós Jóhannesdóttir)
3. Grænland (Arnanguaq Lyberth, Bodil-Mona Frederiksen, Nukannguaq Søholm)

### Liðakeppni karla

1. Ísland-A (Daði Freyr Guðmundsson, Gunnar Snorri Ragnarsson, Kári Mímisson, Magnús K. Magnússon)
2. Færeyjar-A (Hallur Thorsteinsson, Peter Niclasen, Pætur Albinus)
3. Jótland (Andreas Rokkjær, Frederik N. Eriksen, Simon Hansen, Tobias W. Lund)



### Einliðaleikur kvenna

1. Henrietta Nielsen, Færeyjum
2. Eva Josteinsdóttir, Íslandi
- 3.-4. Emilija Jonciauskaite, Jótlandi
- 3.-4. Lilja Rós Jóhannesdóttir, Íslandi



Verðlaunahafar í einliðaleik karla (Mynd: Finnur Hrafn Jónsson).

#### Einliðaleikur karla

1. Magnús K. Magnússon, Íslandi
2. Daði Freyr Guðmundsson, Íslandi
- 3.-4. Aqqualu Nielsen, Grænlandi
- 3.-4. Andreas Rokkjær, Jótlandi

Verðlaunahafar í tvíliðaleik kvenna (Mynd: Finnur Hrafn Jónsson).

#### Tvíliðaleikur kvenna

1. Eva Josteinsdóttir/Lilja Rós Jóhannesdóttir, Íslandi
2. Emilija Jonciauskaite/Mette L. Sørensen, Jótlandi
- 3.-4. Anne-Sophie Andersen/Ida G. Nielsen, Jótlandi
- 3.-4. Durita Jensen/Henrietta Nielsen, Færeyjum

Verðlaunahafar í tvíliðaleik karla (Mynd: Finnur Hrafn Jónsson).

#### Tvíliðaleikur karla

1. Daði Freyr Guðmundsson/Magnús K. Magnússon, Íslandi
2. Andreas Rokkjær/Simon Hansen, Jótlandi
- 3.-4. Aqqualu Nielsen/Ivik Nielsen, Grænlandi
- 3.-4. Hallur Thorsteinsson/Peter Niclasen, Færeyjum



Verðlaunahafar í tvenndarleik (Mynd: Finnur Hrafn Jónsson).

#### Tvenndarleikur

1. Hallur Thorsteinsson/Henrietta Nielsen, Færeyjum
2. Magnús K. Magnússon/Lilja Rós Jóhannesdóttir, Íslandi
- 3.-4. Andreas Rokkjær/Mette L. Sørensen, Jótlandi
- 3.-4. Daði Freyr Guðmundsson/Eva Josteinsdóttir, Íslandi

Í júlí fór fram Evrópumót unglunga í Ostrava í Tékklandi. Fór mótið fram dagana 12.-21. júlí.

Ísland sendi síðast lið á EM unglunga árið 2008 og sendi nú þrjú lið í liðakeppni leikanna. Liðin töpuðu öll leikjum sínum í liðakeppninni. Stúlkna og drengjaliðin höfnuðu í 36. sæti leikanna og sveinaliðið hafnaði í 37. sæti. Pétur Gunnarsson sigraði andstæðing frá Finnlandi á mótinu og Sigrún Ebba Tómasdóttir stúlku frá Noregi.

### Samantekt vegna keppnistímabilsins 2010-2011

Í samantekt Ástu Urbancic vegna styrkleikalista kom í ljós að alls tóku 223 leikmenn þátt í mótum á vegum BTÍ á keppnistímabilinu 2010-2011. Á keppnistímabilinu 2010-2011 var keppt um 47 Íslandsmeistararitla í borðtennis. Víkingur vann flesta Íslandsmeistararitla á keppnistímabilinu eða 18 titla, og getur bætt þeim 19. við vinni félagið 1. deild kvenna. KR vann næstflesta titla, 17 talsins. Þrjú önnur félög unnu Íslandsmeistararitla í borðtennis á tímabilinu, HK (6), Dímon (2,5 en 3,5 vinni félagið 1. deild kvenna) og Örninn (2,5). Í flokki fullorðinna var keppt um 12 titla og fékk Víkingur flesta titla eða 8 talsins og getur bætt þeim 9. við með sigri í 1. deild kvenna. KR vann tvo titla. Í unglingaflokki fékk KR flesta titla eða 12 talsins en Víkingur vann 8 titla. Í öldungaflokki var það KR sem vann flesta titla, 3, alla í kvennaflokki. Örninn fékk 2,5 titla í öldungaflokki. Alls voru veitt 148 verðlaun fyrir sæti á Íslandsmótunum og í flokkakeppninni og fengu 7 félög verðlaun. Flest verðlaun fengu KR-ingar, 52 talsins. Næstir komu Víkingar með 41,5 verðlaun. Þriðju voru HK-ingar með 31 verðlaun. Flesta Íslandsmeistararitla á keppnistímabilinu vann Eyrún Elíasdóttir úr Víkingi. Eyrún vann 5 titla og getur bætt þeim sjötta við með sigri í 1. deild kvenna. Bergrún Linda Björgvinsdóttir úr Dímon vann 4 titla og getur bætt þeim fimmta við með sigri í 1. deild kvenna. Davíð Jónsson, KR, Kári Mímisson, KR, Sindri Þór Sigurðsson, Víkingi og Skúli Gunnarsson úr KR unnu öll 4 titla. Eyrún vann fjóra titla í unglingaflokki og sigraði einnig í 2. flokki kvenna. Bergrún, Sindri og Skúli unnu alla sína titla í unglingaflokkum en Davíð og Kári unnu þrjá titla í unglingaflokki og sigruðu einnig í 1. deild karla. Bergrún, Davíð og Eyrún unnu 8 verðlaun hvert á Íslandsmótum á árinu, Hólmfríður Snorradóttir, Hrefna Finnsdóttir og Kári Mímisson fengu 7 verðlaun hvert.

Markús Brekke Þorfinnsson úr HK hækkaði mest allra á styrkleikalistanum frá 1. júní 2010 til 1. júní 2011. Markús bætti við sig 241 stigi á keppnistímabilinu. Árangur hans er athyglisverður þar sem hann býr í Noregi og keppti aðeins á tveimur mótum á Íslandi á þessu keppnistímabili, þar á meðal á Íslandsmótinu þar sem hann varð Íslandsmeistari í 2. flokki. Næst mest hækkaði Gunnar Snorri Ragnarsson úr KR, sem hækkaði um 234 stig. Sindri Þór Sigurðsson úr Víkingi hækkaði sig þriðja mest og bætti við sig 185 stigum. Sindri hækkaði sig mest í fyrra og hefur hækkað sig um 555 stig á tveimur árum. Fjórir aðrir karlar hækkuðu um 100 stig eða meira á tímabilinu: Skúli Gunnarsson, KR (149); Daníel Bergmann Ásmundsson, Víkingi (129); Hinrik Steindórsson, HK (122) og Kári Mímisson, KR (111).

Eyrún Elíasdóttir úr Víkingi hækkaði mest kvenna á styrkleikalistanum á milli ára. Hún bætti sig um 103 stig á tímabilinu. Eyrún bætti sig næstmest árinu á undan, og hækkaði um 148 stig á tveimur árum. Kristín Gyða Guðmundsdóttir úr HK hækkaði sig næstmest, eða um 64 stig. Magnea Ólafs úr Víkingi hækkaði sig þriðja mest, um 55 stig.

### Samantekt vegna keppnistímabilsins 2011-2012

Alls tóku 282 leikmenn þátt í mótum á vegum Borðtennissambands Íslands keppnistímabilið 2011-2012. Þetta eru mun fleiri leikmenn en á síðasta keppnistímabili þegar 223 leikmenn tóku



þátt í mótum. Á mótum vetrarins kepptu 211 karlar og 71 kona. Þrátt fyrir að konur séu aðeins um þriðjungur af fjölda karla hefur fjöldi þeirra nærri því tvöfaldast frá keppnistímabilinu á undan. Þessir 282 leikmenn komu frá 12 félögum, tveimur fleiri en árið áður. Við bættist ný borðtennisdeild innan Badmintonfélags Hafnarfjarðar. Einnig komu aftur til leiks keppendur frá Ungmennafélagi Hrunamanna. Flestir kepptu fyrir KR, 97 leikmenn, 57 fyrir Víking og 41 fyrir Dímon. Athygli vekur að meira en helmingur keppenda Dímonar eru konur, og er það eina félagið sem það á við um. Íslandsmeistararnir Guðmundur E. Stephensen og Lilja Rós Jóhannesdóttir úr Víkingi eru stigahæsti karlinn og konan sem kepptu á keppnistímabilinu.

Á keppnistímabilinu 2011-2012 var keppt um 50 Íslandsmeistaratitla. KR vann flesta titla eða 27,5 talsins. Víkingur vann næstflesta titla eða 11,5. Önnur félög sem unnu til Íslandsmeistaratitla á árinu voru HK (4), Örninn (3,5), Dímon (2,5) og Akur (1). Flesta Íslandsmeistaratitla unnu Bergrún Linda Björgvinsdóttir úr Dímon, Kári Mímisson, KR og Skúli Gunnarsson, KR, sem unnu 4 titla hvert. Þau unnu öll ferfalt í sínum unglingsflokkum. Eftirtaldir borðtennismenn unnu 3 Íslandsmeistaratitla á árinu: Eva Josteinsdóttir, Víkingi, Fríður Rún Sigurðardóttir, KR, Guðmundur Stephensen, Víkingi, Jóhannes Bjarki Tómasson, KR, Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi og Sigrún Ebba Tómasdóttir, KR. Í flokki fullorðinna var keppt um 12 titla og unnu Víkingar flesta titla, eða 8 talsins. Þeir unnu alla titlana í meistaraflokkum. KR vann 3 titla og Akur 1. KR fékk um helming allra verðlauna á Íslandsmótum eða 80 verðlaun af 162 sem voru afhent. Víkingar komu næstir með 39 verðlaun. Í unglingsflokkum fékk KR 21,5 af 27 titlum sem keppt var um. Dímon fékk 2,5 titla, HK 2 og Víkingur 1 titil. Í öldungaflokkum vann Örninn flesta titla, 3,5 talsins, KR vann 3, Víkingur 2,5 og HK 2.

Magnús Jóhann Hjartarson úr Víkingi hækkaði mest allra á styrkleikalistanum frá 1. september 2011 til 1. júní 2012. Magnús Jóhann bætti við sig 178 stigum á keppnistímabilinu. Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir úr HK hækkaði mest allra kvenna á styrkleikalistanum á sama tíma. Kolfinna bætti sig um 173 stig á keppnistímabilinu. Miðað er við upphafsstöðuna 1.9. 2011, þ.e. eftir að breytingar voru gerðar á stigagjöfni á styrkleikalistanum. Í kjölfarið var styttra á milli leikmanna á listanum og því minna um að leikmenn ynnu sér inn mikinn fjölda stiga með sigri í einstökum leikjum. Næstmest karla hækkaði Sigurjón Sigurðsson úr HK, sem hækkaði um 135 stig. Breki Þórðarson úr KR hækkaði sig þriðja mest og bætti við sig 131 stigi. Fjórir aðrir karlar hækkuðu um 100 stig eða meira á tímabilinu: Ársæll Aðalsteinsson, Víkingi (115); Gunnar Snorri Ragnarsson, KR (112); Jóhann Emil Bjarnason, Víkingi (103) og Arnór Jón Hlynsson, HK (102). Eva Josteinsdóttir úr Víkingi hækkaði næstmest kvenna á styrkleikalistanum á milli ára. Hún bætti sig um 103 stig á tímabilinu. Ekki voru aðrar konur sem bættu sig um meira en 100 stig á keppnistímabilinu. Eyrún Elíasdóttir úr Víkingi bætti sig þriðja mest kvenna, um 90 stig. Eyrún hefur bætt sig einna mest kvenna þrjú ár í röð. Þar næst komu Anna Róshildur Benediktsdóttir, KR (74); Fríður Rún Sigurðardóttir, KR (63) og Ólöf Sólveig Ólafsdóttir, KR (59). 72 karlar og 21 kona hækkuðu sig á styrkleikalistanum á þessu tímabili en 44 karlar og 13 konur lækkuðu á listanum. Trausti Lér Harðarson úr KR (1272 stig) og Díana Davíðsdóttir úr Ungmennafélagi Hrunamanna (1243 stig) voru stigahæsti karlinn og konan í lok keppnistímabilsins þeirra sem komu ný inn á styrkleikalistann á tímabilinu og byrjuðu í 1200 stigum. Inn á styrkleikalistann keppnistímabilið 2011-2012 fóru 2.505 leikir. Þetta er umtalsverð fjölgun frá árunum á undan, þegar færri en 2.000 leikir voru leiknir á keppnistímabilinu.

Stærsta mótið í fyrra, þegar fjöldi leikja er talinn, var Íslandsmót unglinga. Þar voru leiknir 209 leikir.

## Samantekt vegna keppnistímabilsins 2012-2013

Á keppnistímabilinu 2012-2013 var keppt um 46 Íslandsmeistaratitla. KR vann flesta titla eða 17,5 talsins. Víkingur vann næstflesta titla eða 15. Önnur félög sem unnu til Íslandsmeistaratitla á árinu voru HK (8), Örninn (2,5), Dímon (1,5), BH (1) og Akur (0,5). Flesta Íslandsmeistaratitla unnu Jóhannes Bjarki Tómasson úr KR, Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir, HK og Skúli Gunnarsson, KR, sem unnu 5 titla hvert. Þau unnu öll ferfalt í sínum unglingsaflokki. Auk þess vann Kolfinna sigur í 1. flokki kvenna en Jóhannes og Skúli voru í sigurliði KR í 2. deild karla. Eva Josteinsdóttir úr Víkingi vann 4 Íslandsmeistaratitla á árinu, alla í meistaraflokki, og Tómas Ingi Shelton úr KR vann 3 titla. KR fékk tæplega helming allra verðlauna á Íslandsmótum eða 69,5 verðlaun af 153 sem voru afhent. Víkingar komu næstir með 36 verðlaun. Í flokki fullorðinna var keppt um 12 titla og unnu Víkingar flesta titla, eða 8 talsins. Þeir unnu alla titlana í meistaraflokki. HK og KR unnu tvo titla hvort félag. Í unglingsaflokkum fékk KR 12,5 af 24 titlum sem keppt var um. HK og Víkingur fengu 4,5 titla hvort félag, Dímon fékk 1,5 titil og BH einn. Í öldungaflokki vann KR flesta titla, 3 talsins, alla í kvennaflokki. Víkingur og Örninn unnu 2,5 hvort félag, HK 1,5 og Akur 0,5 titil. Alls tóku 283 leikmenn þátt í mótum á vegum Borðtennissambands Íslands keppnistímabilið 2012-2013. Þetta er einum leikmönnum fleiri en á síðasta keppnistímabili. Á mótum vetrarins kepptu 201 karlar og 82 kona. Konum fjölgaði um 11 frá síðasta keppnistímabili en körlum fækkaði um 10. Þessir 283 leikmenn komu frá 16 félögum, fjórum fleiri en árið áður. Við bættust keppendur frá Ungmennafélaginu Heklu og Ungmennafélagi Skeiðamanna. Þá sneru aftur til leiks keppendur frá Ungmennafélaginu Eyfellingi og Ösp. Flestir kepptu fyrir KR, 77 leikmenn, 67 fyrir Dímon og 41 fyrir Víking. Víkingarnir Guðmundur E. Stephensen og Lilja Rós Jóhannesdóttir eru stigahæsti karlinn og konan sem kepptu á keppnistímabilinu. Jafnframt hefur styrkleikalistinn verið uppfærður fyrir 1. júní. Hann er óbreyttur frá 1. maí þar sem ekkert mót fór fram í maí. Jafnframt hefur styrkleikalistinn verið uppfærður fyrir 1. júní. Hann er óbreyttur frá 1. maí þar sem ekkert mót fór fram í maí.

## **STARFSSKÝRSLA TIL ÍSÍ VEGNA SMÁÞJÓÐALEIKANNA**

**STARFSSKÝRSLA**  
**til ÍSÍ**  
**vegna Smáþjóðaleikanna í Lúxemborg 2013.**  
**Borðtennis**

Reykjavík, 30. júní 2013

Undirbúningur fyrir leikana voru landsliðsæfingar sem stýrt var af Bjarna Þ Bjarnasyni landsliðsþjálfara. Hafði hann valið þátttakendur til leikanna, nánar tiltekið Guðmund Stephensen, Kára Mímisson og Adam Harðarsson í karlaflokki og Aldísi Rún Lárusdóttir og Evu Josteinsdóttir í kvennaflokki. Skráði BTÍ ekki fleiri þátttakendur til leikanna. Skömmu fyrir leikana urðu forföll hjá bæði Guðmundi og Adam. Guðmundur vegna vinnu og Adam vegna læknisaðgerðar. Þar sem við höfðum ekki skráð fleiri keppendur í karlaflokki datt íslenska liðið úr leik í liðakeppni karla. Er þetta slysalegt og má það ekki gerast aftur að ekki séu fleiri skráðir til keppni í tíma komi til þess að aðalmenn forfallist.

Íslenski hópurinn tók rútu ÍSÍ að morgni sunnudagsins 26. maí 2013. Gekk ferðin á völlum, til Frankfurt og þaðan með rútu til Lúxemborg mjög vel.



Væntingar fyrir leikana voru ágætar. Hafði íslenska karlaliðið staðið sig vel á undanfarandi leikum og eigum við titla í einliðaleik og tvíliðaleik. Væntingar fyrir kvennaliðið voru ekki miklar en við höfum ekki sent kvennalið á leikana í einhvern tíma.

Hópurinn gisti allur á Alvisse Parc Hotel eins og aðrir þátttakendur frá Íslandi. Var hótelið mjög gott að mati þátttakenda sem og matur og þjónusta.



Keppni í borðtennis fór fram í d'Coque höllinni (Skelinni). Um glæsilegt fjölnota íþróttamannvirki er að ræða og er Lúxembúrgska landsliðið með góða aðstöðu í kjallara hússins (tvær hæðir niður). Þrátt fyrir að vera þar er góð lofthæð. Fór keppnin fram í sýningarsal sem er í næsta sal við æfingaaðstöðu landsliðsins.



Var keppniaðstaðan viðunandi en borðtennis ekki vel sýnilegur fyrir gesti leikanna. Einhverjir töldu loftið vera svolítið þungt í salnum. Er aðstaðan í TBR þar sem borðtennis verður á Smáþjóðaleikunum á Íslandi eftir 2 ár talsvert betri. Allt annað í salnum, þ.e. hvíldaraðstaða fyrir leikmenn, æfingaraðstaða, aðstaða fyrir dómara, mótstjórn og þjálfara var til mikillar fyrirmyndar.

**Mánudagurinn 27. maí** var notaður til æfinga á keppnisstað og til að aðlagast umhverfi og aðstæðum. Farið var í matsalinn í fyrsta sinn en um 10 mín. akstur var í hann frá höllinni. Þann dag var einnig dregið í liðakeppninni og fundað með þjálfurum og mótstjórn um fyrirkomulag keppinnar framundan.



Liðakeppni kvenna hófst **þriðjudaginn 28. maí**. Þar voru þátttakendur frá Íslandi, Lúxemborg, Möltu, Mónakó og San Marínó.

Lék íslenska liðið fyrsta leik sinn við Mónakó kl. 10.00. Úrslit voru eftirfarandi:

Aldís Lárusdóttir gegn Riley Lauren	5-11, 8-11, 12-10, 11-9, 5-11	(2-3) 0-1
Eva Josteinsdóttir gegn Quist Ulrika	6-11, 1-11, 4-11	(0-3) 0-2
Aldís/Eva gegn Quist/Riley	5-11, 6-11, 5-11	(0-3) 0-3



Annar leikurinn var við Lúxemborg kl. 14:30 og voru úrslit eftirfarandi:

Aldís Lárusdóttir vs. DE NUTTE	5-11, 4-11, 4-11	(0-3) 0-1
Eva Josteinsdóttir vs. GONDERINGER	3-11, 4-11, 8-11	(0-3) 0-2
Aldís/Eva vs. DE NUTTE/NI XIA	2-11, 0-11, 5-11	(0-3) 0-3



Leikurinn við Lúxemborg

Þriðji leikurinn var við Möltu kl. 17:00 og voru úrslit eftirfarandi:

Eva Josteinsdóttir vs. LU Pengfei	5-11, 6-11, 7-11	(0-3) 0-1
Aldís Lárusdóttir vs. LUCENKOVA V	1-11, 2-11, 2-11	(0-3) 0-2
Aldís/Eva vs. LUCENKOVA/PACE	3-11, 9-11, 9-11	(0-3) 0-3

Fjórdi leikurinn í kvennakeppninni fór fram á **miðvikudeginum 29. maí** og fór hann svo:

BOFFA Chiara vs. Eva Josteinsdóttir	12-10, 9-11-8-11, 6-11	(1-3) 0-1
GIARDI Letizia vs. Aldís Lárusdóttir	11-9, 11-4, 11-3	(3-0) 1-1
GIARDI/BOFFA vs. Eva/Aldís	11-8, 9-11, 11-13, 11-6, 11-9	(3-2) 2-1
BOFFA Chiara vs. Aldís Lárusdóttir	13-11, 6-11, 11-6, 11-9	(3-1) 3-1





Þær Aldís og Eva voru ekki alveg sáttar við leik sinn gegn San Marínó og fengu viðtal þá um kvöldið hjá sálfræðingi fagteymis. Voru þær afar ánægðar með það viðtal.

**Fimmtudaginn 30. maí 2013** fóru fram leikir í tvíliðaleik. Eva hafði sofið illa þá um nóttina en um morguninn fékk hún góða afgangi hjá fagteymi. Fann Ágúst Kárasón réttar töflur fyrir magaverk sem hún hafði en það bráði af henni.

Þær Aldís og Eva kepptu kl. 10:00 þann dag við tvíliðaleikspár frá Möltu. Tapaðist leikurinn en hann fór svo

Lucenkova/LU vs. Aldís/Eva 11-3, 11-2, 11-5

Kl. 10:30 léku þær síðan við tvíliðaleikspár frá Lúxemborg. Lúxemborgarparið var mun sterkara í leiknum og sigruðu 3-0.

Ni/DE NUTTE vs. Aldís/Eva 11-1, 11-3, 11-3

Kl. 11:00 léku þær við tvíliðaleikspár frá San Marínó. Var sá leikur spennandi en San Marínó stúlkur sigu fram úr í oddalotu.

GIARDI/BOFFA vs. Aldís/Eva 9-11, 11-8, 6-11, 11-5, 11-6

Kl. 16:15 léku þær að lokum við tvíliðaleikspár frá Mónakó og sigruðu stúlkurnar frá Mónakó.

QUIST/RILEY vs. Aldís/Eva 11-8, 11-7, 11-8

**Föstudaginn 31. maí** fór fram einstaklingskeppnin í karla- og kvennaflokki. Kepptu allir íslensku þátttakendurnir þar. Lék Kári þann dag en hann hafði óþreyjufullur setið á bekknum dagana á undan. Kári lenti í erfiðum riðli, með sigurveru mótsins í einstaklingskeppni karla Irfan CECIK frá Svartfjallalandi og BERARDI Mattia frá San Marínó.

Lék Kári fyrsta leik sinn kl. 10:00 við Irfan Cekic og tapaði leiknum 3-0 en lotur fóru þannig:

CEKIC Irfan vs. Kári Mímisson 11-2, 11-8, 11-6



Kl. 12:00 lék Kári við BERARDI Mattia frá San Marínó. Vann Kári þann leik nokkuð örugglega 3-0 en loturnar fóru þannig:

BERARDI Mattia vs. Kári Mímisson 6-11, 9-11, 6-11

Með sigrinum komst Kári í 8 manna úrslit mótsins. Fékk hann þar erfiðan andstæðing sem var sigurvegari síðustu Smáþjóðaleika CIOCIU Traian frá Lúxemborg. Vann CIOCIU leikinn örugglega 3-0 en loturnar fóru þannig:

CIOCIU Traian vs. Kári Mímisson 11-3, 11-8, 11-9

Stúlkurnar náðu ekki að komast upp úr undanriðlum. Eva Josteinsdóttir var í riðli með þeim KOUREA Louiza frá Kýpur og LUCENKOVA Viktoria frá Möltu. Úrslitin hjá henni voru eftirfarandi:

KOUREA vs. Eva Josteinsdóttir 11-5, 11-7, 11-7

LUCENKOVA vs. Eva Josteinsdóttir 11-4, 11-6, 11-10



Aldís Lárusdóttir var í riðli með þeim GONDERINGER Tessy frá Lúxemborg og RILEY Lauren frá Mónakó. Voru úrslitin hjá henni eftirfarandi:

GONDERINGER vs. Aldís 11-3, 11-2, 11-5

Aldís vs. RILEY 11-8, 8-11, 3-11, 12-14



Á laugardagskvöldinu fór hópurinn saman að borða í gamla miðbæ Lúxemborgar. Var hann aftur kominn heim á hótél um kl. 22.00 vegna myndatöku af öllum íslensku þátttakendum á leikunum.

**Laugardaginn 1. júní** fylgdist hópurinn með úrslitaleikjum karla og kvenna í einstaklingskeppninni. Eftirmiðdaginn notuðu þau til að hvetja samherja sína í öðrum greinum leikanna. Um kvöldið var lokaathöfn leikanna og lokahóf í gamla miðbæ Lúxemborgar. Ferðin til baka á **sunnudeginum 2. júlí** með rútu til Amsterdam, flugi til Keflavíkur og rútu með ÍSÍ til Reykjavíkur gekk vel.

Samskipti hópsins innbyrðis og við aðra keppendur á leikunum voru góð. Var allt utanumhald fararstjóra ÍSÍ á leikunum til fyrirmyndar.



Árangur íslenska borðtennisliðsins var viðunandi miðað við aðstæður. Í fyrsta sinn í nokkurn tíma sendum við kvennalið á leikana sem er jákvætt. Er fjölgun nú í kvennaborðtennis í flokki stúlkna 9-13 ára og mikilvægt að þær hafi fyrirmyndir í eldri stelpum. Bæði Aldís og Eva hófu aftur að æfa borðtennis eftir margra ára hlé fyrir tveimur árum. Taka þær báðar þátt í starfi borðtennishreyfingarinnar, Aldís hjá KR og Eva hjá Víkingum. Árangur Kára var betri en búist var við en hann hefur frá því í september 2012 verið við æfingar í Osa í Svíþjóð. Hefur dvöl hans þar greinilega skilað árangri en hann vann á mótinu dreng frá San Marinó sem hann hafði tapað fyrir á Evrópumótinu í Hersing Danmörku í október 2012. Er ljóst að árangurinn hefði verið annar ef okkar sterkustu leikmenn í karlaflokki hefðu tekið þátt í leikunum.

Við þurfum að gera betur á næstu leikum sem við höldum hér á Íslandi. Við höfum betri aðstöðu fyrir keppnina sjálfa í TBR en ekki jafn mikla reynslu og Lúxemborgarar við skipulagningu alþjóðlegra móta en skipulagning mótsins og dómgæsla var nær því óaðfínanleg. Fyrsta alþjóðlega mótið á Íslandi (ARCTIC Championship) í borðtennis fer fram á Íslandi í byrjun júlí 2013 og ágætt að gera þá sem flestmistök til að fá betri innsýn í skipulagningu og utanumhald vegna keppni í borðtennis á Smáþjóðaleikunum eftir tvö ár. Það sem var sláandi í ferðinni var góð aðstaða landsliðsins í Lúxemborg sem hefur skilað þeim góðum árangri síðustu ár. Er sú tillaga gerð, að leitað verði leiða í samstarfi við ÍSÍ, að finna varanlega aðstöðu fyrir landsliðsæfingar þeirra einstaklinga sem munu berjast um sæti í íslenska liðinu að tveimur árum liðnum.

Virðingarfyllst,  
f.h. BTÍ,  
Ingimar Ingimarsson ritari  
og flokksstjóri á Smáþjóðaleikunum 2013

## Ársreikningar 2011-2012